gerð síðustu fjárlaga og jafnframt umfram verðlagsforsendu frumvarpsins. Miðað við verðlagsforsendu frumvarpsins, þ. e. 37% hækkun verðlags milli ára 1979 og 1980, er magnaukning í verklegum framkvæmdum um 10,8% en að vegagerð fráðreginni er um 7,3% magnminnkun að ræða. Á liðnum fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga verður 410 m.kr. hækkun eða 32,7% og er sú hækkun vegna framlaga til vegamála, þ. e. a. s. í kaupstöðum og kaupþúnum. Aðrir liðir þessa flokks hækka ekki. Framlög í formi styrkja til einstaklinga og samtaka lækka um 171 m.kr. og skýrist sú lækkun í megindráttum af því að framlög til styrktarsjóðs fatlaðra og styrktarsjóðs vangefina hafa verið felld niður en verkefni þessara sjóða falla nú undir framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra. Framlög til fjárfestingarlánasjóða hækka um 5 251 m.kr. eða 45,1% og er þá fylgt þeirri stefnu að framlög til allra veigamestu fjárfestingarlánasjóðanna verði skert um 15%. Helstu hækkunarliðir eru stofnlána-deild landbúnaðarins 110 m.kr., fiskveiðasjóður 342 m.kr., byggingarsjóður ríkisins 2 291 m.kr., framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra 1 020 m.kr., sem er nýtt verkefni, og lánasjóðir iðnaðarins 168 m.kr. Til frekari skýringa á framlögum til einstakra sjóða vísast til athugasemda um einstaka liði frumvarpsins. Framlög til lánagreiðslna og endurlána hækka um 2 449 m.kr. eða 45,0%. Hækkunin skýrist í megindráttum af auknum fjármagnsútgjöldum vegna Kröfluvirkjunar 1 520 m.kr., yfirtöku láns af Rafmagnsveitum ríkisins að upphæð 600 m.kr. og framlagi til jarðhitaleitarlána 250 m.kr. Á móti þessu er nú ekkert framlag til Orkusjóðs vegna lánveitinga til hitaveituf framkvæmda en það nam 330 m.kr. í fjárlögum 1979. Fjár til þessa verkefnis er aflað með lántökum eins og fram kemur í greinargerð um lánsfjáröflun ríkissjóðs. Framlög til annarra lánagreiðslna hækka því um 409 m.kr. og hækkuninni veldur umfram annað vísitölu- og gengisbreyting frá fjárlögum 1979.

Í yfirliti 7 er nánari sundurliðun á framkvæmdaframlögum.

Tekjuhlíð

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1980 er gerð í Þjóðhagsstofnun og er annars vegar reist á forsendum þjóðhagsspár, sem getið er hér að framan, en hins vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á liðandi ári.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1980 eru áætlaðar samtals 330,3 milljarðar króna samanborett við 231,2 milljarða í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1979 og 209,0 milljarða í fjárlögum ársins 1979. Samkvæmt tekjuáætluninni aukast heildartekjur ríkissjóðs um 99,1 milljarð króna eða um 43% en frá fjárlögum 1979 nemur aukningin 121,4 milljörðum eða 58%.

	Fjárlög 1979 m.kr.	Áætlun 1979 m.kr.	Fjárlagafrumvarp 1980 m.kr.
Almennar tekjur	183 603	205 120	291 993
Markaðar tekjur	25 348	26 068	38 337
Heildartekjur	208 951	231 188	330 330

Eignarskattar. Samkvæmt skattskrá nam álagður eignarskattur einstaklinga 1 930 m.kr. á árinu 1979 og eignarskattur félaga nam 2 628 m.kr. Álagningin samkvæmt skattskrá hefur því alls numið 4 558 m.kr. Þetta eru að heita má sömu álagningar-tölur og reiknað var með í tekjuáætlun fjárlaga 1979 og innheimtuáætlun þessa árs er því óbreytt frá fjárlögum, 4 413 m.kr. Innheimtuáætlunin sýnist fela í sér óverjuhátt innheimtuhlutfall miðað við álagningartölur en ástæðan er sú að eignarskattsauki, sem lagður var á haustið 1978 samkvæmt lögum nr. 121/1978, var að hálfu innheimtur á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs. Eignarskattsaukinn, sem nam 50% af álögðum eignarskatti einstaklinga 1978 og 100% af eignarskatti félaga, var einvörðungu bundinn við árið 1978. Á hinn bóginn var eignarskattur hækkaður með

lögum nr. 119/1979 þannig að skatthlutfall í eignarskatti einstaklinga var hækkað úr 0,8% í 1,2% af skattgjaldseign og eignarskattshlutfall félaga úr 0,8% í 1,6%, og var þessi hækkun talin koma í stað hins tímabundna eignarskattsauka. Skattfrjáls eign einstaklinga var á hinn bóginn hækkuð um 42,5% í samræmi við hækkun fasteignamats en jafnframt voru með lögum tekin upp ný ákvæði um lækkun eignarskatts hjá lífeyrisþegum og hjá tekjulágum gjaldendum. Samkvæmt skattskrá hefur þessi lækkun numið 173 m.kr. Sem fyrr segir nam álagður eignarskattur einstaklinga 1930 m.kr. samkvæmt skattskrá 1979, en á árinu 1978 nam álagningin 914 m.kr. og álagður eignarskattsauki nam 444 m.kr. þannig að samtals námu álagðir eignarskattar einstaklinga 1358 m.kr. á árinu 1978. Álagningin hefur því hækkað um 42% í heild en að frátöldum eignarskattsaukanum er hækkunin 111%. Gjaldendur eru á þessu ári taldir vera um 15 800 samanborið við 15 300 í fyrra og hefur því fjölgað um 3%. Að frátalinni fjölgun gjaldenda hefur álagður eignarskattur einstaklinga því hækkað um 38%. Álagður eignarskattur félaga nam 932 m.kr. á árinu 1978, eignarskattsauki nam 912 m.kr. og samtals var álagningin 1 844 m.kr. Álagningin á þessu ári nam 2 628 m.kr. samkvæmt skattskrá og hafði því hækkað um 42,5% frá fyrra ári, en að frátöldum eignarskattsaukanum er hækkunin 182%.

Í áætlun fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir að ákvæði gildandi laga um skatthlutföll og um lækkun eignarskatts hjá lífeyrisþegum og lágtekjufólki haldist óbreytt. Reiknað er með að fasteignamat hækki í samræmi við 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, og að eignastofn hækki um 40%, að mestu vegna hækkunar fasteignamats, en niðurstöður um breytingu fasteignamats lágu ekki fyrir við gerð þessarar áætlunar. Jafnframt er gert ráð fyrir að skattstiga eignarskatts einstaklinga verði breytt þannig að skattfrjáls eign hækki um svipað hlutfall og fasteignamatið. Álagður eignarskattur félaga er í þessari áætlun talin hækka um sama hlutfall og eignarskattur einstaklinga eða um 40%. Á þessum forsendum er álagður eignarskattur einstaklinga áætlaður 2 700 m.kr. en eignarskattur félaga 3 640 m.kr. Miðað við þá álagningu er heildarinnheimta eignarskatts einstaklinga áætluð 2 438 m.kr., innheimta eignarskatts félaga 3 336 m.kr. en byggingarsjóðsgjald af eignarskatti 56 m.kr.

Með lögum nr. 112/1978 var ákveðið að lagður skyldi á sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á árinu 1979. Í tekjuáætlun er hér gert ráð fyrir að ákvæði þessara laga verði framlengd óbreytt fyrir árið 1980. Samkvæmt skattskrá þessa árs hefur álagður skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði nunað 1 030 m.kr. og miðað við innheimtureynslu af eignarsköttum er innheimta þessa skatts nú áætluð um 750 m.kr. á þessu ári. Á svipuðum forsendum og beitt er um eignarskatta má ætla að álagning þessa skatts geti orðið um 1 500 m.kr. á árinu 1980 og innheimta 1 300 m.kr.

Tekjuskattur. Álagður tekjuskattur einstaklinga 1979, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds hefur verið dreginn frá, er um 38 950 m.kr. Barnabætur eru um 8 300 m.kr., afsláttur til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds nemur 1 600 m.kr. og því er nettóálagning tekjuskatts einstaklinga um 29 000 m.kr. Að meðtöldum eftirstöðvum fyrri ára, innheimtu sérstaks tekjuskatts á þessu ári skv. IV. kafla laga um kjaramál nr. 121/1978 og að frátöldum barnabótum og greiðslu upp í útsvar og sjúkratryggingagjald er áætlað að innheimtur tekjuskattur einstaklinga nemi 24 450 m.kr. 1979 að meðtöldu byggingarsjóðsgjaldi. Þetta er 1 600 m.kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun og er ástæðan sú að tekjur einstaklinga jukust talsvert meira á s.l. ári en reiknað var með við gerð fjárlaga eða um 57% í stað 54%.

Ný lög um tekju- og eignarskatt gengu í gildi um síðustu áramót og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1980. Í áætlun fyrir árið 1980 er reiknað með að skattstigi og skatthlutföll í hinum nýju lögum verði ákveðin þannig að lögin skili sömu álagningu og gömlu lögin hefðu gert. Er þá reiknað með að tekju-

skattur einstaklinga hækki hlutfallslega með tekjubreytingum milli áráanna 1978 og 1979, þ.e. að skatturinn verði óbreyttur sem hlutfall af þeim tekjum sem hann er lagður á.

Áætlunin um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1980 er einkum reist á mati á breytingum kauptaxta og tekna á þessu ári. Er talið að tekjur einstaklinga til skatts hækki um 46% milli áráanna 1978 og 1979 að meðtalinni fjölgun framteljenda. Áætlun um álagningu tekjuskatts einstaklinga 1980 er reist á þessum forsendum um tekjur. Samkvæmt þessu er áætlað að álagður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1980 verði rúmlega 57 000 m.kr. en um 43 000 m.kr. að frádregnum barnabótum og persónuafslætti til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds. Miðað við svipaðar forsendur um innheimtu og í ár er innheimta tekjuskatts einstaklinga 1980 áætluð 37 400 m.kr. og hefur þá verið tekið tillit til áætlaðra eftirstöðva um næstu áramót, þ. m. t. af hinnu sérstöku álagningu 1978, og innheimtu þeirra á næsta ári.

Álagt sjúkratryggingagjald 1979 er 5 250 m.kr. og er það nokkru hærri fjárhæð en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Miðað við svipaðar forsendur og um innheimtu tekjuskatts einstaklinga er áætlað að innheimta gjaldsins verði um 4 700 m.kr. samanborið við 4 350 m.kr. á fjárlögum. Við áætlun um sjúkratryggingagjald á árinu 1980 er gert ráð fyrir að gjaldið verði óbreytt og jafnframt er miðað við sömu forsendur um tekjubreytingar milli áráanna 1978 og 1979 og gert er við tekjuskattsáætlun. Samkvæmt því er talið að álagning sjúkratryggingagjalds nemi 7 600 m.kr. 1980. Miðað við svipaðar innheimtuforsendur og á þessu ári og að teknu tilliti til innheimtu áætlaðra eftirstöðva í árslok er innheimt sjúkratryggingagjald talið vera 6 950 m.kr. á árinu 1980.

Álagður tekjuskattur félaga á þessu ári er um 7 450 m.kr. en í fjárlagaáætlun var reiknað með 8 600 m.kr. álagningu. Fjárlagaáætlunin var einkar óviss þar sem veigamiklar breytingar voru gerðar á skattlagningu fyrirtækja fyrir afgreiðslu fjárlaga og forsendur áætlunarinnar því óvenju óljósar. Innheimta tekjuskatts félaga í ár er áætluð nema tæplega 7 000 m.kr. að meðtalinni innheimtu af álögðum sérstökum skatti á tekjur og fyrningar eigna í atvinnurekstri skv. 10. gr. laga nr. 121/1978. Í áætlun fyrir árið 1980 er reiknað með að álagning tekjuskatts félaga aukist nokkru meira en nemur áætlaðri almennri veltubreytingu milli áráanna 1978 og 1979. Er hér reiknað með að álagður tekjuskattur félaga 1980 verði 11 600 m.kr. og að innheimta skattsins nemi 10 850 m.kr.

Innheimt byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga og félaga er áætlað 395 m.kr. í ár og 612 m.kr. á árinu 1980.

Gjöld af innflutningi. Almennar tolltekjur ríkissjóðs eru áætlaðar verða 34 000 m.kr. á þessu ári en það er um 4 600 m.kr. meira en í fjárlagaáætlun. Sú áætlun var hins vegar miðuð við verðlag og gengi í árslok 1978 og í áætlunum, sem gerðar voru fyrir mitt þetta ár, var reiknað með um 5 700 m.kr. meiri tolltekjum en á fjárlögum. Innflutningur hefur á hinn bóginn reynst minni en reiknað var með fyrri hluta ársins og aðflutningsgjöld fyrstu átta mánuði ársins hafa verið töluvert undir spám um mánaðarinnheimtu tekna. Stafar það m. a. af meiri samdrætti í bílannflutningi en reiknað hafði verið með.

Í áætlun fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur haldist nokkurn veginn óbreyttur að raungildi frá þessu ári. Reiknað er með að erlent verð innflutnings annars en olíu hækki um 7% á næsta ári en í krónum hækki innflutningsverðið um 35% að meðaltali frá þessu ári. Í fjárlagaáætlun 1979 var reiknað með að nokkuð drægi úr kaupum hátollavöru eftir mikinn innflutning árin 1977 og 1978 og virðist þetta hafa gengið eftir. Fyrir árið 1980 er á hinn bóginn reiknað með svipaðri samsetningu innflutnings og á þessu ári. Loks er í frumvarpinu reiknað með tollalækkun í ársbyrjun 1980 og er tolltekjutap ríkissjóðs vegna þessa talið nema nær 4 000 m.kr. Svarar það til þess að tollhlutfall al-

menns vöruinnflutnings annars en olíu lækki úr 11,2% 1979 í 9,6% 1980. Tollur af bensíni hefur aukist töluvert á þessu ári vegna stórhækkunar á innflutningsverði þess. Bensintollur er nú áætlaður verða um 5 000 m.kr. á árinu 1979 en um 7 600 m.kr. á árinu 1980 og er þá reiknað með að erlent verð á bensíni haldist óbreytt frá því sem er í september 1979.

Samkvæmt þessum forsendum eru tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 43 200 m.kr. á árinu 1980 og er það um 27% aukning frá áætlun fyrir árið 1979.

Innflutningsgjald af bensíni er á þessu ári áætlað 7 483 m.kr. og er það óbreytt frá fjárlagaáætlun. Forsendur hafa hins vegar breyst í veigamiklum atriðum, einkum þannig að ljóst virðist að bensínsala verði töluvert minni en reiknað var með á fjárlögum en á móti kemur að bensíngjald hefur hækkað meira en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Gera má ráð fyrir, að bensínsalan tímabilið nóvember 1978 til október 1979, sem skilar sér í innheimtu á þessu ári, verði um 122 milljónir lítra samanborið við 121,5 milljónir lítra tólf mánuðina næstu á undan. Í áætlun fyrir árið 1980 er reiknað með 123 milljónum lítra og hefur bensínsalan þá aðeins aukist um 1,2% á tveimur árum, en þar sem bílum hefur fjölgað felst í þessu að bensíneyðsla dregst töluvert saman þessi tvö ár. Þá er áætlað að bensíngjald hækki í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins og er reiknað með hækkun í ársbyrjun og á miðju ári með byggingarvísitölu. Á þessum forsendum er áætlað að tekjur af bensíngjaldi verði 10 700 m.kr. á árinu 1980. Gúmmígjald er áætlað 107 m.kr. á árinu 1980.

Innflutningsgjald af bifreiðum er áætlað 4 700 m.kr. á þessu ári en í fjárlagaáætlun var gert ráð fyrir 4 300 m.kr. innheimtu. Þetta er nokkru minni aukning en búast mátti við miðað við verð- og gengisbreytingar frá fjárlagaforsendum en bílannflutningur hefur verið nokkru minni en reiknað var með í fyrstu. Á þessu ári er talið að alls verði fluttir inn 7 300 bílar. Bílannflutningur hefur verið mjög breytilegur frá ári til árs. Árin 1972—1974 voru að meðaltali fluttir inn 8 400 bílar á ári en síðan dró mjög úr bílannflutningi. Á árinu 1975 voru fluttir inn 3 350 bílar og 2 755 bílar 1976, en 1977 og 1978 varð mikil aukning og 7 558 bílar fluttir inn árið 1977 og 8 600 árið 1978. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að inn verði fluttir 7 500 bílar og að óbreyttum reglum og með tilliti til verðbreytinga er innflutningsgjaldið talið nema 6 500 m.kr. á árinu 1980.

Af öðrum aðflutningsgjöldum má nefna að gjald af gas- og brennsluolíu er áætlað 550 m.kr. á næsta ári eða 35 m.kr. minna en í ár. Gjaldið er fast í krónutölu pr. kg gasolíu og brennsluolíu og reiknað er með að heldur dragi úr þeim olíuinnflutningi á næsta ári. Jöfnunargjald á innfluttar iðnaðarvörur er talið skila um 1 200 m.kr. á þessu ári en aðlögunargjald, sem tekið var upp með lögum nr. 58/1979, er talið skila 700 m.kr., en innheimta gjaldsins hófst á miðju ári. Á næsta ári er áætlað að jöfnunargjaldið verði 1 700 m.kr. en þar af verði 750 m.kr. varið til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts. Aðlögunargjald er sömuleiðis áætlað 1 700 m.kr.

Gjöld af innflutningi á árinu 1980 eru í heild áætluð tæplega 64 000 m.kr. samanborið við 48 500 m.kr. 1979 og er það 32% aukning.

Skattar af framleiðslu. Heildartekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar 16 000 m.kr. á þessu ári samanborið við 13 715 m.kr. í fjárlagaáætlun. Með bráðabirgðalögum nr. 74/1979 var sérstöku vörugjaldi breytt þannig að lægri gjaldflokkur vörugjaldsins var hækkaður úr 18% í 24% en jafnframt var gjaldið fellt niður af nokkrum vöruflokkum. Þessi breyting var talin skila 1 100 m.kr. tekjuauka á þessu ári og í heild eru tekjur af gjaldinu áætlaðar 15 250 m.kr. á árinu 1979. Í áætlun fyrir árið 1980 er sérstakt vörugjald talið verða 23 200 m.kr. en þar af eru 4 050 m.kr. vegna breytingar gjaldsins í september.

Tekjur af hinu eldra vörugjaldi, sem nú er ótímabundið skv. lögum nr. 9/1979, eru áætlaðar 435 m.kr. á þessu ári og hinu næsta. Er þá miðað við að gjaldskrá

haldist óbreytt en ákvæði til bráðabirgða um framlag til Styrktarsjóðs vangefinna verði fellt niður.

Álgjald er áætlað nema 315 m.kr. á þessu ári en 395 m.kr. á árinu 1980.

Skattar af seldri vöru og þjónustu. Í fjárlögum ársins 1979 voru heildartekjur undir þessum lið áætlaðar 97 866 m.kr. en nú eru horfur á að þær nemi 107 754 m.kr. eða 11% umfram fjárlagatöluna. Tekjur af söluskatti eru nú áætlaðar 70 500 m.kr. samanborið við 61 400 m.kr. í fjárlögum. Þetta stafar annars vegar af verðlagsbreytingum umfram forsendur fjárlaga, sem miðuðust við verðlag í árslok 1978, og hins vegar af hækkun söluskatts úr 20% í 22% samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 73/1979 en sú hækkun er talin skila ríkissjóði 1 600 m.kr. á þessu ári. Áætlunin um söluskatt 1980 ræðst af þeim forsendum um kauplag, verðlag og þjóðarútgjöld sem áður er getið. Á þessum forsendum er innheimtustofn söluskatts talinn aukast um 38% frá þessu ári. Innheimtur söluskattur er áætlaður 104 850 m.kr. en þar af stafa 9 400 m.kr. af hækkun skattsins í september sl. Þetta er tæplega 32% af heildartekjum ríkissjóðs en verður að líkindum um 30,5% heildartekna í ár. Hér er eingöngu um að ræða hlut ríkissjóðs í hinu almenna 20% sölugjaldi auk 2% söluskattsaukans sem er óskiptur. Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 8% af almenna sölugjaldinu, er ekki meðtalinn.

Launaskattur er áætlaður 11 670 m.kr. á þessu ári eða 800 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Miðað við launaforsendur þessa frumvarps, sem áður er frá greint, er launaskattur áætlaður 16 700 m.kr. 1980.

Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga nema í heild 7 974 m.kr. og er það 1 851 m.kr. eða 30% meira en í fjárlögum 1979.

Rekstrarhagnaður ÁTVR var áætlaður 18 200 m.kr. í fjárlögum þessa árs og var þá gert ráð fyrir nokkurri verðhækkun um mitt ár. Hagnaðurinn hefur reynst mjög í samræmi við spár á þessu ári og á miðju ári var útsöluverð hækkað um svipað hlutfall að meðaltali og reiknað hafði verið með við samþykkt fjárlaga. Áætlunin fyrir þetta ár er því óbreytt frá fjárlögum. Á næsta ári eru tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks áætlaðar 23 000 m.kr. og er þá miðað við nokkra verðhækkun á árinu.

Flugvallagjald var í fjárlögum þessa árs áætlað 770 m.kr. en er nú talið verða nokkru lægra eða 720 m.kr. Á árinu 1980 er gjaldið áætlað 980 m.kr. og er þá miðað við að gjaldið verði hækkað í ársbyrjun í samræmi við verðbreytingar.

Aðrir óbeinir skattar eru áætlaðir 13 174 m.kr. á þessu ári samanborið við 10 624 m.kr. á fjárlögum. Munurinn stafar einkum af verðhækkun umfram fjárlagaforsendur og meiri innheimtu stimpilgjalds en reiknað var með í fjárlögum. Í áætlun fyrir árið 1980 er yfirleitt miðað við að gjaldskrár hækki með verðlagi þar sem um það er að ræða. Þetta á m. a. við um bifreiðaskatt, en þar að auki reiknað með sérstakri hækkun árgjalds til samræmis við þá hækkun mælagjalds á þessu ári sem ákveðin var í tengslum við niðurfellingu söluskatts af dísilolíu. Bifreiðaskattur er samtals áætlaður 1 950 m.kr. á þessu ári en 3 350 m.kr. á næsta ári og er þá miðað við að þessi gjöld verði hækkuð til jafns við bensíngjald auk hinnar sérstöku hækkunar árgjalds sem áður er getið. Gjald á ferðalög til útlanda á samkvæmt gildandi ákvæðum í lögum nr. 121/1978 að ganga úr gildi í lok þessa árs en í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að gjaldið verði framlengt óbreytt út árið 1980. Gjald þetta skilar að líkindum 1 450 m.kr. á þessu ári en í fjárlögum var reiknað með 1 600 m.kr. innheimtu. Á næsta ári er gjaldið talið skila 1 900 m.kr. en í heild eru tekjur af sölu erlends gjaldeyris áætlaðar 3 940 m.kr. Verðjöfnunargjald af raforku var í fjárlögum áætlað 1 210 m.kr. miðað við 13% gjald eins og verið hafði. Eftir hækkun gjaldsins í 19% er innheimta gjaldsins vegna raforkusölu á þessu ári áætluð 1 650 m.kr. Fram að þessu hefur tekjuáætlun fjárlaga aðeins sýnt hluta af áætlaðri innheimtu verðjöfnunargjalds, en sá hluti gjaldsins sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa innheimt sjálfar hefur staðið utan tekjuáætlunar. Í tekju-

áætlun þessa frumvarps er gjaldið hins vegar sýnt í heild og er það í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á færslu gjaldsins í ríkisbókhaldi. Þannig er verðjöfnunargjald áætlað 2 900 m.kr. á árinu 1980. Nýbyggingargjald samkvæmt lögum nr. 117/1978 var áætlað 300 m.kr. á fjárlögum en verður að líkindum töluvert minna eða e. t. v. um 200 m.kr. Er þá haft í huga að innheimta í ár kunni að vera minni en ella þar sem nokkur tími leið frá samþykkt laganna um álagningu gjaldsins uns álagning hófst í byrjun þessa árs. Þetta gjald er áætlað 400 m.kr. á árinu 1980.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta eru taldar verða 557 m.kr. í ár og er það óbreytt frá fjárlögum. Á næsta ári eru þessar tekjur áætlaðar 335 m.kr. en þar vega tekjur af fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli langþyngst.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar 3 652 m.kr. á þessu ári samanborið við 2 802 m.kr. á fjárlögum og stafar munurinn af meiri innheimtu vaxtatekna en reiknað var nið á fjárlögum. Á árinu 1980 eru þessar tekjur áætlaðar um 5 000 m.kr. en þar af eru vaxtatekjur 4 400 m.kr.

Yfirlit. Hér fer á eftir yfirlit áætlaðra tekna ríkissjóðs 1980 og til samanburðar er sýnd tekjuáætlun fjárlaga 1979 og áætlun um innheimtar tekjur þessa árs. Fyrstu átta mánuði ársins námu tekjur ríkissjóðs 137 371 m.kr. og höfðu aukist um 49% frá sama tíma í fyrra. Hér er gert ráð fyrir að heildarinnheimta í ár (að frátalinni endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts) verði 231 188 m.kr. þannig að 93 817 m.kr. verði innheimtar síðustu fjóra mánuði ársins.

Hlutdeild markaðra tekna í heildartekjum ríkissjóðs var um 12% í fjárlögum 1979 en reynist að líkindum nokkru lægri eða rösklega 11%. Á næsta ári verður hlutfallið svipað eða u. þ. b. 11.5%.

Samkvæmt yfirlitinu verður hlutdeild beinna skatta í tekjum ríkissjóðs 1979 um 18% í stað 19,5% í fjárlögum ársins en hlutdeild óbeinna skatta hækkar úr 78,9% í fjárlögum í 80,2% í áætlun 1979. Aðrar tekjur voru 1,6% í fjárlögum en tæplega 1,8% í áætlun 1979. Samkvæmt frumvarpinu verður hlutdeild beinna skatta 19,2%, hlutdeild óbeinna skatta verður 79,0% og hlutdeild annarra tekna verður 1,8%. Athygli skal vakin á að iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga eru nú talin með óbeinum sköttum en í framsetningu fyrri tekjuáætlana hafa þessi iðgjöld verið talin til beinna skatta.

	Endurskoðuð		
	Fjárlög 1979	áætlun 1979	Frumvarp 1980
1. Eignarskattar ¹⁾	5 200	5 475	7 515
2. Tekjuskattar ¹⁾	35 612	36 098	55 845
a) Tekjuskattur einstaklinga	23 459	24 448	37 941
b) Tekjuskattur félaga	7 803	6 970	10 954
c) Sjúkratryggingagjald	4 350	4 680	6 950
3. Gjöld af innflutningi	42 575	48 478	63 971
a) Almenn aðflutningsgjöld ¹⁾	29 414	33 985	43 216
b) Bensín- og gúmmígjald	7 590	7 590	10 807
c) Innflutningsgjald af bílum	4 300	4 700	6 500
d) Annað	1 271	2 203	3 448
4. Skattar af framleiðslu	13 715	16 000	24 030
a) Sérstakt vörugjald	13 000	15 250	23 200
b) Annað	715	750	830
5. Skattar af seldri vöru og þjónustu	97 866	107 754	154 224
a) Söluskattur	61 400	70 500	104 850
b) Launaskattur	10 850	11 670	16 700
c) Iðgjöld atvinnurekenda	6 123	6 123	7 974
d) ÁTVR	18 200	18 200	23 000
e) Annað	1 293	1 261	1 700
6. Aðrir óbeinir skattar	10 624	13 174	18 902
7. Arðgreiðslur úr B-hluta	557	557	835
8. Ýmsar tekjur	2 802	3 652	5 008
Samtals	208 951	231 188	330 330
Markaðar tekjur	25 348	26 068	38 337
Almennar tekjur	183 603	205 120	291 993
Beinir skattar	40 812	41 573	63 360
Óbeinir skattar	164 780	185 406	261 127
Aðrar tekjur	3 359	4 209	5 843

¹⁾ Byggingarsjóðsgjald meðtalið.

Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins er yfirlit yfir lánahreyfingar. Þar kemur fram að útstreymi umfram innstreymi á lánahreyfingum er 7 930 m.kr. og útstreymi á viðskiptareikningum er áætlað 750 m.kr. Þessir liðir eru jafnaðir með afgangi á rekstrarreikningi. Hér á eftir verður vikið að inn- og útstreymi lánajafnaðarins og einstökum liðum sem til hans teljast. Í skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem lögð verður fram á haustþingi, verður fjallað um lánamálin í heild.

Lánahreyfingar inn

Í 1. gr. kemur fram að heildarfjáröflun nemur 30 866 m.kr. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting innlendrar og erlendrar fjáröflunar og samanburður gerður við lánsfjáráætlun 1979 að viðbættri fjáröflun sem heimiluð var með lögum nr. 71/1979.

	Áætlun 1979	Frumvarp 1980	Hækkun
Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé ..	6 050	8 866	2 816
÷ Innlausn spariskirteina	5 075	2 658	2 417
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Útgáfa spariskirteina	4 200	5 600	1 400
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Innlend fjáröflun alls	5 175	11 808	6 633
Erlend lántaka	12 085	19 058	6 973
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Samtals	17 260	30 866	13 606

Innlend lánsfjáröflun eykst um 6 633 m.kr. eða 128,2%. Hækkun umfram það sem rekja má til verðlagsþróunar skýrist í meginráttum af því að innlausn eldri sparis-
skirteinaflokka er fremur léttbær 1980. Engir nýir flokkar spariskirteina falla í gjald-
daga en ávallt er um nokkra endurgreiðslu eldri flokka að ræða og er það talið nema
2 658 m.kr. Fjáröflun innanlands byggist á lögum nr. 36/1975, um happdrættislán
ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, svo
og á heimild í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins. Heimildar til erlendra lántöku mun sam-
kvæmt venju leitað með sérstöku lagafrumvarpi sem lagt verður fyrir þingið með
fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980.

Lánahreyfingar út

Niðurstöðutala á lánahreyfingum út er 18 413 m.kr. Stærsti liðurinn þar er af-
borganir af almennum lánum ríkissjóðs 17 859 m.kr. Þar af eru 9 612 m.kr. vegna
almennra lána ríkissjóðs í Seðlabanka, 4 500 m.kr. er endurgreiðsla bráðabirgða-
láns sem tekið var í tengslum við lausn á fjárhagsvanda ríkissjóðs 1979 og 3 747
m. kr. til annarra aðila. Aukning á eiginfjárframlagi ríkissjóðs í Landsvirkjun nem-
ur 263 m. kr. og færst sem ústreymi á lánahreyfingum. Ennfremur er gert ráð fyrir
lokagreiðslu hlutafjárframlags til Járblendifélagsins, alls 195 m. kr. Þar með er
lokið greiðslum á hlutafjárframlagi ríkissjóðs samkvæmt samningi. Þá er að nefna
framlag Íslands til Iðnþróunarsjóðs Portúgals alls 96 m. kr. og er það 5. og síðasta
greiðsla framlags til sjóðsins. Loks er áætlað 750 m. kr. nettóústreymi á viðskipta-
reikningum vegna innheimtufjár fyrir aðra, þ. e. markaðra tekjustofna, tollalána
o. fl. Heildarfjáröflun til framkvæmda og annarra þarfa skv. 1. gr. er alls 30 866
m. kr. Til A-hluta renna 10 383 m. kr. en í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979
nam fjárhæðin 4 750 m. kr., hækkunin er því 5 633 m. kr. Lánsfjárráðstöfun vegna
B-hluta er alls áætluð 20 483 m. kr. en nam 12 510 m. kr. samkvæmt fjárfestingar-
og lánsfjáráætlun 1979, að viðbætti viðbótarlánsfjáröflun að fjárhæð 1 530 m. kr.
sem heimiluð var á miðju ári með lögum nr. 71/1979. Aukningin er 7 973 m. kr. eða
um 64%. Ráðstöfun fjáröflunarinnar vegna A og B-hluta ríkissjóðs skiptist þannig
í meginflokkka.

	Áætlun 1979	Frumvarp 1980	Hækkun	
			M.kr.	%
Framkvæmdir	12 809	24 084	11 275	88,0
Skuldagreiðslur	2 971	3 824	853	28,7
Annað, hlutafjárframlög o. fl.	1 480	2 958	1 478	99,8
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Samtals	17 260	30 866	13 606	78,8

Fjáröflun til opinberra framkvæmda hækkar þannig um 11 275 m.kr. eða 88,0% milli ára. Hér fer á eftir yfirlit um skiptingu fjármagns á einstakar framkvæmdir ásamt samanburði við áætlun 1979 og fylgir greinargerð um hvern lið fyrir sig.

Lánsfjárförð ríkissjóðs 1980

	Áætlun 1979	Frumvarp 1980
A-hluti:		
Þjóðarþókklaða	200	300
Vegagerð	3 130	7 800
Landshafnir	150	125
Flugöryggistæki	200	—
Laxastigi í Laxá	60	—
Hafnargerð við Grundartanga	230	100
Landsvirkjun, eiginfjárframlag	180	263
Járnblendifélagið, hlutafjárframlag	600	195
Yfirtaka láns vegna RARIK	—	600
Samtals	4 750	9 383
B-hluti:		
Byggðasjóður	—	2 500
Lánasjóður isl. námsmanna	—	1 200
Ríkisútvarpið	—	500
Flugmálastjórn	160	—
RARIK, almennar framkvæmdir	2 487	3 496
— vegna Vestmannaeyjastrengs	290	—
— vegna skuldagreiðslna	600	—
Byggðalínur	2 337	4 459
Bessastaðaárvirkjun	600	1 550
Kröfluvirkjun	270	750
Jarðvarmaveitur ríkisins:		
vegna Kisiliðjunnar	575	—
Jarðboranir ríkisins	200	—
Lvfjaverslun ríkisins	180	—
Borgartún 6	460	—
Orkusjóður:		
vegna Orkubús Vestfjarða	360	—
vegna styrkingar dreifikerfis	520	800
vegna sveitarafvæðingar	200	415
vegna einkarafstöðva	—	20
vegna jarðhitaleitar	250	—
vegna byggðalína	—	3 090
vegna hitaveitulána	—	500
Virkjunarrannsóknir	—	300
Póstur og sími:		
vegna jarðstöðvar	1 260	400
vegna skuldagreiðslna	485	—
vegna vörukaupalána	400	469
Endurlán vegna Grundartanga	176	34
Samtals	12 510¹⁾	20 483

1) Þ.e. lánsfjáráætlun 10 980 m. kr. auk 1 530 m. kr. vegna viðbótar við lánsfjáráætlun 1979.

A-hluti fjárlaga

Þjóðarþókkhláða. Gert er ráð fyrir 300 m.kr. lántöku til áframhaldandi byggingarfrankvæmda við þjóðarþókkhlöðu, og er það 100 m.kr. hærri fjárhæð en var í lánsfjáráætlun 1979.

Vegagerð. Lánsfjáröflun til vegagerðar er ráðgerð 7 800 m.kr. sem er 4 670 m.kr. hækkun frá lánsfjáráætlun fyrir árið 1979. Heildarútgjöld til vegamála samkvæmt vegáætlun 1979—82 nema alls 21 957 m.kr. Markaðir tekjustofnar vegagerðarinnar nema 14 157 m.kr. og lántökur 7 800 m.kr. eins og áður sagði.

Landshafnir. Samtals er gert ráð fyrir 125 m.kr. lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir. Fjármagnið skiptist þannig að 100 m.kr. renna til áframhaldandi framkvæmda við landshöfnina í Keflavík — Njarðvík til að bæta viðleguáðstöðu og 25 m. kr. til hafnargerðar á Rífi á Snæfellsnesi.

Hafnargerð við Grundartanga. Framkvæmdum við Grundartangahöfn er nú að mestu lokið. Lokafrágangur við höfnina á árinu 1979 hefur farið að nokkru fram úr kostnaðaráætlun og er áformað að afla lánsfjár alls 134 m.kr. til lúkningar framkvæmda og uppgjörs skulda. Kostnaður við hafnargerðina skiptist í sömu hlutföllum og gildir um almenna hafnargerð, þ.e. 75% ríki og 25% sveitarfélög. Eftirstöðvar af kostnaðarhluta ríkissjóðs eru 100 m. kr. og hlutur sveitarfélaga 34 m. kr., sem kemur fram í yfirliti um lánsfjáröflun til B-hluta.

Landsvirkjun. Fyrirhugað er að afla 263 m. kr. lánsfjár til að inna af hendi 2. framlag af 5 til Landsvirkjunar vegna aukningar eiginfjár fyrirtækisins.

Járnblendifélagið, hlutafjárframlag. Á árinu 1979 var ákveðið að fresta greiðslu á sammingsbundnu hlutafjárframlagi ríkissjóðs vegna 1979 til ársins 1980. Er nú ráðgert að afla 195 m. kr. lánsfjár til að inna af hendi lokaframlag hlutafjárins.

Yfirtaka láns vegna framkvæmda RARIK 1979. Í lánsfjáráætlun 1979 er RARIK heimiluð lántaka að fjárhæð 600 m. kr. til að leysa úr fjárhagsferfiðleikum og endurgreiða skammtímaskuldir. Áformað er að ríkissjóður yfirtaki lánið og létti af RARIK lántöku þessari frá 1979.

B-hluti fjárlaga

Byggðasjóður. Ráðgerð lánsfjáröflun til Byggðasjóðs er alls 2 500 m.kr., fjárveiting til sjóðsins nemur 2 635 m. kr. og eigið fé sjóðsins 783 m.kr. Ráðstöfunarfé sjóðsins er því alls 5 918 m.kr. eða 1,85% af heildarútgjöldum A-hluta og hefur þá verið tekið tillit til 15% almennrar lækkunar framlags til Byggðasjóðs eins og til annarra fjárfestingarlánasjóða.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Á árinu 1979 var LÍN veitt heimild til 1 100 m. kr. lántöku til þess að inna af hendi greiðsluskuldbindingar. Fyrirhugað er að afla 1 200 m. kr. lánsfjár á árinu 1980 til þess að sjóðurinn geti uppfyllt gildandi reglur um lánveitingar allt að 85% umframfjárþarfar lántakenda. Sjóðnum er ætlað að taka umrætt lán og annast skil vaxta og afborgana. Þar sem útlán sjóðsins hafa verið verðtryggð er gert ráð fyrir að eiginfjárstaða sjóðsins styrkist í framtíðinni og geri sjóðnum kleift að standa undir auknum lántökum. Brynt er að fjárhagsstaða sjóðsins verði metin, meðal annars m. t. t. skynsamlegra lántökuáforma og endurgreiðslugetu.

Ríkisútvarpið. Í lögum nr. 20/1979 um heimild til lántöku, ríkisabyrgðir o. fl. var veitt heimild til innlendrar eða erlendrar lántöku að fjárhæð 300 m.kr. til að greiða framkvæmdakostnað við dreifikerfi sjónvarps á árinu 1979. Á árinu 1980 er ráðgerð lánsfjáröflun að fjárhæð 500 m. kr. til áframhaldandi framkvæmda við uppbyggingu dreifikerfisins. Heildarfjárfestingaráætlun fyrir Ríkisútvarp — sjónvarp verður væntanlega lögð fram á haustmánuðum. Ríkisstjórnin felur þriggja mauna nefnd frá stjórnarflokkunum að gera áætlun um heildarfjárfestingu Ríkisútvarpsins á næstu árum, m. a. til undirbúnings fjárlaga 1980, og geri nefndin tillögu um fjármögnun þessara framkvæmda með ákveðnum framlögum úr ríkissjóði, hugsanlegri hækkun afnotagjalda í þessu skyni og lántökum til lengri tíma.

RARIK, almennar framkvæmdir. Áformaðar framkvæmdir á vegum RARIK nema alls 4 096 m. kr. og skiptast þannig:

	Áætlun 1979	Frumvarp 1980
Virkjanir, stofnlínur og aðveitustöðvar	1 752	2 479
Innanbæjarkerfi	600	1 100
Dísilvélar, vélar og tæki og aðstöðusköpun	225	517
Par af lánsfjármagnað	2 487	3 496

Fjármögnun framkvæmda er þriðþætt. Í fyrsta lagi eru tekjur af heimtaugargjöldum áætlaðar 200 m.kr. Í öðru lagi nemur beint framlag ríkissjóðs á fjárlögum 400 m.kr. og í þriðja lagi nemur lántaka 3 496 m. kr. Ríkissjóður mun annast greiðslur vaxta og afborgana af 600 m.kr. af lánsfénu.

Athugun mun fara fram á félagslegum þætti í framkvæmdum RARIK og visast í því sambandi til greinargerðar um stofnunina undir iðnaðarráðuneyti. Auk þessa annast RARIK framkvæmdir sem fjármagnaðar eru með framlögum úr Orkusjóði, þ.e. 800 m. kr. til styrkingar dreifikerfa í sveitum og 415 m. kr. vegna sveitarafvæðingar. Nánari grein verður gerð fyrir einstökum framkvæmdaliðum í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980.

Byggðalínur. Ráðgerð er 4 459 m. kr. lántaka vegna byggðalína. Meginverkefni ársins 1980 er lokaáfangi við byggingu Vesturlínu en til þess verks renna alls 4 387 m.kr. Áformað er að orkuveitusvæði Mjólkárveitunar tengist aðalorkuveitusvæði landsmanna haustið 1980. Önnur byggðalínuverkefni eru 40 m. kr. til frágangs á Norðurlínu og 32 m. kr. til búnaðar vegna tengingar Austurlínu á Akureyri.

Bessastaðaárvirkjun. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 voru veittar 600 m. kr. til áætlanagerðar og undirbúnings virkjunar í Bessastaðaá. Á árinu 1980 er áformuð lántaka alls 1 550 m. kr. til hönnunar, eftirlits og gerðar úthoðsgagna, auk vegagerðar og uppsetningar vinnubúða.

Kröfluvirkjun. Lánsfé vegna Kröfluvirkjunar er áætlað 750 m. kr. og verður fénu varið til gæslu virkjunarinnar, auk borunar einnar holu í suðurhlíðum Kröflu og nauðsynlegra tenginga. Staðan í orkuöflunarmálum Kröfluvirkjunar verður metin að þessari framkvæmd lokinni og frekari ákvarðanir teknar á grundvelli þess. Í ákvæðum um lántökuheimildir er leitað heimildar til lántöku til borana tveggja borhola.

Orkusjóður vegna dreifikerfa í sveitum. Til styrkingar dreifikerfa í sveitum er áformað að verja alls 800 m. kr. og verða framkvæmdir á vegum RARIK. Verkefni þetta er fjármagnað með lánsfé, alls 800 m.kr.

Orkusjóður vegna sveitarafvæðingar. Áætluð er 415 m. kr. lántaka vegna sveitarafvæðingar og er það 215 m. kr. hærri fjárhæð en í lánsfjáráætlun fyrir 1979. Fjárins er aflað til viðbótarframkvæmda við eldri veitur. Rafvæðingaráætlun um tengingu hýla í allt að 3 km fjarlægð frá aðaldreifikerfi mun sem næst lokið. Verkefni, sem leyst verða með lánsfjáröflun ársins 1980, eru annars vegar viðbætur við eldri veitur, þ.e. tenging nýrra notenda á svæðum sem þegar eru rafvædd, og hins vegar tenging hýla sem eru í sem svarar 4 km fjarlægð frá samveitu.

Orkusjóður vegna einkarafstöðva í sveitum. Raunhæf lausn raforkumála hýla sem eru afskekkt er í mörgum tilfellum bygging smárra vatnsaflsstöðva eða uppsetning dísilstöðva. Orkuráð ákveður lánveitingar til einkarafstöðva og er áformuð lánsfjáröflun til þessa verkefnis 20 m. kr.

Orkusjóður vegna byggðalína. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 aflar ríkissjóður lánsfjár vegna fjármagnskostnaðar við byggðalínur. Lántaka Orkusjóðs vegna þessa er áætluð 3 090 m. kr.

Orkusjóður vegna hitaveitulána. Framkvæmdir vegna hita- og fjarvarmaveitna verða fjármagnaðar með ýmsum hætti eins og skýrt verður í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1980. Einn liður í þeirri fjármögnun er lánveiting úr Orkusjóði. Í því skyni er Orkusjóði ætlað lánsfjármagn til endurlána alls 500 m. kr.

Virkjunarrannsóknir. Á vegum Orkustofnunar standa nú yfir umfangsmiklar rannsóknir á virkjunarkostum landsmanna. Til þessa hafa rannsóknir á vegum Orkustofnunar verið fjármagnaðar með fjárveitingu á fjárlögum. Nú er áformað að sveigja fjármögnun þessa þáttar í þá veru, að framvegis verði litið á fjármögnun rannsóknahelstu virkjunarkosta sem afturkræft fé. Stofnsett er B-hluta fyrirtækið „Virkjunarrannsóknir“ og er því ætluð 300 m. kr. lántaka til ráðstöfunar í samráði við iðnaðar- og fjármálaráðherra og Orkustofnun. Tilhögun endurgreiðslu af hálfu orkuframleiðslufyrirtækja og/eða ríkissjóðs verður ákveðin síðar.

Póstur og sími vegna jarðstöðvar o. fl. Til framhaldsframkvæmda við jarðstöð og tengd mannvirki er áformað að afla 400 m. kr. lánsfjár vegna hluta póst- og síma-málastofnunarinnar í heildarframkvæmdinni, en henni mun ljúka á árinu 1980.

Póstur og sími vegna vörukaupalána. Á sama hátt og gert var í lánsfjáráætlun fyrir 1979 er áætlað fyrir vörukaupalánnum Pósts og síma í tengslum við ýmsar framkvæmdir. Nú er ákveðið að afla 469 m. kr. lánsfjár í þessu tilliti.

Endurlán vegna Grundartangahafnar. Eins og fram kemur í greinargerð um lánsfjáröflun A-hluta fjárlaga lýkur framkvæmdum við Grundartangahöfn á þessu ári. Ríkissjóður annast lánsfjáröflun vegna hluta sveitarfélaga við þessa hafnargerð og eru eftirstöðvarnar 34 m. kr.

Loks er í eftirfarandi yfirliti sýnd sundurliðun á afborgunum almennra lána ríkissjóðs ásamt samanburði við fjárlög 1979 í þús. kr.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Mismunur
Lán hjá Seðlabanka Íslands	5 099 270	9 612 170	4 512 900
Lán vegna yfirdráttarskulda	3 666 011	5 613 293	1 947 282
Lán vegna yfirdráttarskulda 1977/78 o. fl. (óverðtr.)	550 000	550 000	—
Lán vegna yfirdráttarskulda 1978/79 (með verðbótaauka)	—	2 364 100	2 364 100
Lán vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins	49 372	—	-49 372
Lán vegna kaupa á Þórshamri	5 092	7 391	2 299
Lán vegna yfirdráttarskulda RARIK	484 176	703 005	218 829
Lán vegna vegagerðar, yfirdráttarskuld	171 101	248 430	77 329
Lán vegna vegagerðar, erlent lán	173 518	125 951	-47 567
Önnur lán	1 909 716	3 747 486	1 837 770
Spariskirteinalán, önnur en til vegag. (endurlán)	132 109	141 125	9 016
Ýmis endurlán (erlend)	133 939	451 862	317 923
Ýmis endurlán (innlend)		1 484	1 484
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	356	1 048	692
Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir)	2 784	4 731	1 947
Lánastofnanir (fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir) erlent fé	6 309	41 902	35 593
Lánastofnanir (fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir) innlent fé	14 482	4 844	-9 638
Ýmis erlend lán	184 293	173 741	-10 552
Ýmis innlend lán	56 848	156 359	99 511
Yfirtekin lán vegna kaupa á Baldri (innl. og erlend)	71 194	93 329	22 135
Lán vegna kaupa á Landakotsspítala	33 075	34 729	1 654
Skyldusparnaður, innheimtur með sköttum	431 271	227 403	-203 868
Ýmis lán, ósundurliðuð	101 100	1 200 000	1 098 900
Lán til vegagerðar (önnur en í Seðlabanka):			
Spariskirteinalán (endurlán)	267 963	382 360	114 397
Önnur endurlán (erlend)	196 783	406 052	209 269
Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir)	668	925	257
Lánastofnanir, erlent fé	248 397	403 185	154 788
Ýmis innlend lán	1 992	5 345	3 353
Lán ríkisstofnana í A-hluta	26 153	17 062	-9 091
Samtals	7 008 986	13 359 656	6 350 670

Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum sem átt hafa sér stað á gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum 1979. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er vikið nánar að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1979. Ekki verður sérstaklega rætt um breytingar á fjárlagaliðum sem eingöngu eiga rætur að rekja til launa- og verðlagsþróunar. Gerð er grein fyrir þætti hennar frammar í þessum athugasemdum.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára eins og hér segir í m. kr.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun	
			M. kr.	%
Æðsta stjórn ríkisins	1 505,7	2 171,7	666,0	44,2

- 401 Hæstiréttur. Fjárveiting hækkar um 44 307 þús. kr. og verður 109 172 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 24/1979 skulu sjö dómara skipa hæstarétt. Dómurum fjölgar því um einn og er kostnaður vegna þess áætlaður 13 710 þús. kr. Að öðru leyti er um almennar grunnlaunahækkunar að ræða.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokkar forsætisráðuneytisins breytast milli ára eins og hér segir í m.kr.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun	
			M. kr.	%
Yfirstjórn	136,7	177,2	40,5	29,6
Annað	2 609,7	2 861,3	251,6	9,6
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Samtals	2 746,4	3 038,5	292,1	10,6
Þar af markaður tekjustofn	270,0	395,0	125,0	46,3

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis er árgjald, sem rennur til Byggðasjóðs.

- 101 Aðalskrifstofa. Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 40 443 þús. kr. og skiptist þannig: Vegna yfirstjórnar 37 057 þús. kr. sem er eingöngu vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Þá hækkar rekstrarkostnaður vegna stjórnarráðshúss um 2 285 þús. kr. sem er einnig vegna eðlilegra verðlagsbreytinga. Hækkun vegna viðhalds og rekstrar ráðherrabústaðar nemur 3 101 þús. kr. en framlag til Hrafnseyrar lækkar um 2 000 þús. kr.
- 171 Byggðasjóður. Framlag til Byggðasjóðs nemur 2 635 000 þús. kr. en auk þess er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki lán að upphæð 2 500 000 þús. kr. Þá er áætlað að eigið fé Byggðasjóðs verði 783 000 þús. kr. Verður því ráðstöfunarfé sjóðsins samtals 5 918 000 þús. kr. sem er 1,85% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Hefur þá verið tekið tillit til 15% almennrar lækkunar á framlagi til Byggðasjóðs eins og til annarra fjárfestingarlánasjóða. Er það í samræmi við meginforsendur frumvarpsins.
- 902 Þióðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd. Heildarhækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 16 204 þús. kr. sem er 52,1% hækkun frá fjárlögum 1979. Skiptist hækkunin þannig milli gjaldtegunda: Laun hækka um 6 844 þús. kr., önnur rekstrargjöld hækka um 2 410 þús. kr. og viðhald um 400 þús.

kr. Allar eru þessar hækkanir eðlilegar launa- og verðlagshækkanir. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 9 500 þús. kr. og er það 65,5% hækkun frá fjárlögum 1979. Sértekjur hækka um 2 950 þús. kr. en stofnkostnaður að fjárhæð 24 000 þús. kr. skiptist þannig: Til Þingvallabæjar er varið 6 000 þús. kr. til endurnýjunar á þaki og lokafrágangs vatnsveitu. Framlag til lífrannsóknna í Þingvallavatni er 2 500 þús. kr. Áformað er að endurnýja bifreið þjóðgarðs-varðar og eru ætlaðar 6 000 þús. kr. í því skyni. Þá eru veittar 9 500 þús. kr. til annarra verkefna, s.s. tjaldsvæða, bílastæða og girðinga.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld hinna einstöku málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

	Fjárlög	Frumvarp	Hækkun	
	1979	1980	m.kr.	%
Yfirstjórn	370,8	526,1	155,3	41,9
Fræðslumál	29 229,7	42 813,8	13 584,1	46,5
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi ..	2 767,6	3 303,8	536,2	19,4
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Gjöld samtals	32 368,1	46 643,7	14 275,6	44,1
Þar af markaðir tekjustofnar	316,8	442,7	125,9	39,7

Markaðir tekjustofnar, sem flokkast undir útgjöld þessa ráðuneytis, hækka sem hér segir: Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna sem fær hluta í einkaleyfisgjaldi og hagnaði Hæddrættis Háskóla Íslands 54,2 m.kr. Hluti af skemmtana-skatti sem rennur til sinfóníuhljómsveitarinnar og félagsheimilasjóðs og hækkar um 60,7 m.kr. Miðagjald sem rennur til menningarsjóðs og hækkar um 11,0 m.kr. og að lokum er hlutur Íþróttasambands Íslands í gjaldi af seldum vindlingum og er hann óbreyttur frá fjárlögum 1979.

201 Háskóli Íslands. Framlag til Háskóla Íslands hækkar um 1 220 141 þús. kr. Laun og rekstrargjöld hækka samtals um 1 290 330 þús. kr., og ætlað fjármagn frá Hæddrætti Háskóla Íslands og byggingarsjóði hækkar um 601 400 þús. kr. Gert er ráð fyrir nýrri stöðu prófessors í vefjafræði og að fjölga adjúntum í læknadeild um þrjá. Kostnaðarauki, sem af þessu leiðir, nemur 9 800 þús. kr. Veitt er fé til stöðu dósentis í hjúkrunarfræði allt árið, en staðan hafði verið heimiluð frá 1.7.1979, útgjaldaauki vegna þessa er 3 700 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir 4. árs kennslu við námsbraut í sjúkraþjálfun allt árið. Efnt er til hálftrar stöðu sérfræðings við Verkfræðistofnun og er fjárveiting vegna hennar 3 400 þús. kr. Hækkun rekstrargjalda frá fjárlögum 1979 nemur 216 998 þús. kr. Er það 54 000 þús. kr. hækkun umfram verðlagshækkanir og skýrist í meginatriðum af eftirfarandi þáttum: Gert er ráð fyrir leigugjöldum vegna sjúkraþjálfunar að fjárhæð 10 000 þús. kr. Vegna aukinna bóka- og tímaritakaupa Háskólabókasafns 3 400 þús. kr. Þá hækkar ferðakostnaður í rannsóknarleyfum um 13 000 þús. kr. Hækkun að fjárhæð 27 600 þús. kr. skiptist á ýmis viðfangsefni vegna samningsbundinna greiðslna, sameiginlegra rekstrarútgjalda, aukinna rannsókna og stundakennslu. Áætlað er að ráðstöfunarfé til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa Háskólans muni nema samtals 1 235 300 þús. kr. og að því verði ráðstafað með eftirfarandi hætti.

	Þús. kr.
Nýbygging á landspítala- og háskólalóðum	985 300
Viðhald húsa og lóða	65 000
Tækjakaup deilda, námsbrauta og stjórnslu	120 000
Skipulagning lóðar og áætlunargerð vegna nýbyggingar á háskólalóð	15 000
Húsnæði og búnaður vegna nýrra námsleiða, breytingar á húsnæði og flutningur milli leiguhúsnæðis	18 000
Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar	22 000
Úrbætur í símamálum	10 000

Samtals 1 235 300

Í byrjun árs 1979 fjallaði fjárveitinganefnd Alþingis um byggingarmál á landspítala- og háskólalóð og kynnti sér m. a. álit samráðshóps, sem menntamálaráðherra skipaði hinn 17. nóvember 1978 til að endurmeta stöðu byggingarmála á vegum Háskóla Íslands og á landspítalalóð, en álitid er dagsett 11. desember 1978.

Þeir er skipuðu fjárveitinganefnd þ. 14. mars 1979 gátu fyrir sitt leyti fallist á þau áform um framkvæmdir og fjármögnun sem fram eru sett í álit samráðshópsins. Fjármögnunin fól í sér að til viðbótar framlagi Hapdrættis Háskóla Íslands þyrfti að koma til fjárveiting úr ríkissjóði á næstu árum. Sérstaklega voru höfð í huga næstu þrjú árin, vegna ákvarðana um framkvæmdir sem verið var að taka á útmánuðum 1979. Upphæðin er 300 m.kr. á ári miðað við verðlag í október 1978.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1980 er ekki gert ráð fyrir beinni fjárveitingu til byggingarframkvæmda á vegum Háskóla Íslands. Hönnunarvinna hefur verið tímafrekari en reiknað var með og framkvæmdir dregist. Með þeim byggingarhraða, sem fyrrnefndur samráðshópur lagði til grundvallar, er fjárveiting úr ríkissjóði ekki nauðsynleg á árinu 1980. Það er því eðlilegt að áform um fjárveitingar til byggingarframkvæmda á vegum Háskóla Íslands færist til í tíma um eitt ár.

- 203 Raunvísindastofnun háskólans. Framlag til Raunvísindastofnunar verður 448 254 þús. kr. og er það 142 494 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 130 228 þús. kr. sem er eingöngu vegna eðlilegra verðlags- og grunnlaunahækkana. Viðhald hækkar um 4 790 þús. kr., og verður 16 855 þús. kr., þar af eru 9 000 þús. kr. áætlaðar til viðhalds á húsi stofnunarinnar. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 6 576 þús. kr. og verður 38 950 þús. kr. Þá eru sértekjur stofnunarinnar áætlaðar 2 100 þús. kr. sem er 900 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979.
- 231 Náttúrufræðistofnun Íslands. Framlag hækkar um 29 371 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 26 271 þús. kr. sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Viðhald verður 2 000 þús. kr. og hækkar um 850 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 5 250 þús. kr. og verður 8 350 þús. kr. Skal fénu m. a. varið til kaupa á safnhirslum, sýningarborðum og þunnsneiðavél. Sértekjur eru áætlaðar 3 000 þús. kr. en ekki hefur verið áætlað fyrir sértekjum áður.
- 232 Rannsóknaráð ríkisins. Á öndverðu ári 1979 kynnti Rannsóknaráð ríkisins ráðamönnum þjóðarinnar langtímaáætlun um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Í skýrslunni kemur fram að Íslendingar verja mun minna fjármagni til rannsókna- og þróunarstarfsemi en aðrar þjóðir á svipuðu hagþróunarstigi. Af vergum þjóðartekjum verja Íslendingar 0,4—0,5% til rann-

sókna en aðrar þjóðir 1%—2,5%. Í 25. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. segir: „Til stuðnings áætlanagerðar um atvinnuvegina skal efla rannsóknarstarfsemi í þeirra þágu, með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni, eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum“.

Þær stofnanir sem falla undir Rannsóknaráð ríkisins eru: Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, auk Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna sem annast m. a. fjárreiður fyrrgreindra stofnana. Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins átti fund með fjárveitinganefnd á s. l. vori þar sem sérstaklega var rætt starfsskipulag á grundvelli verkefna auk annarra atriða langtímaáætlunarinnar. Í því sambandi var rætt um gerð fjárlaga og hugsanlegar breytingar á vinnubrögðum sem því væru samfara að fjárveitingar miðuðust við verkefni. Var afráðið að rannsóknastofnanirnar skyldu senda fjárveitingabeiðnir sínar með hefðbundnum hætti, en auk þess vinna að því að deila beiðnunum niður á verkefni. Í júní s. l. var síðan efnt til fundar með forstöðumönnum rannsóknastofnananna, fulltrúum fagráðuneyta, formanni fjárveitinganefndar og hagsýslustjóra. Þar var gerð grein fyrir fjárveitingabeiðnum, skipt niður á verkefni, og tengslum fjárveitingabeiðna við langtímaáætlun. Beiðnirnar fólu í sér m. a. óskir um aukinn mannafla sem nam 61 stöðugildi fyrir stofnanirnar allar.

Við undirbúning fjárlaga og yfirferð Fjárlaga- og hagsýslustofnunar á fjárveitingabeiðnum áðurgreindra stofnana þurfti að hafa eftirfarandi atriði í huga. Í fyrsta lagi fást fleiri stofnanir við rannsóknarstarfsemi en þær stofnanir sem falla undir Rannsóknaráð ríkisins. Má þar m. a. nefna Orkustofnun og Háskóla Íslands. Í öðru lagi hefur oliukreppan valdið búsifjum og þar af leiðir að stjórnvöld hafa lagt áherslu á rannsóknir á sviði orkumála. Í þriðja lagi var lögð á það rík áhersla við samningu fjárlagafrumvarpsins að nýjum stöðum yrði ekki fjölgað. Svigrúm til að auka starfsemi rannsóknastofnana, sem tilheyra Rannsóknaráði ríkisins, er því mjög takmarkað. Sem skref í átt að því marki sem langtímaáætlunin felur í sér var leitast við að gera tvennt. Annars vegar að gefa forstöðumönnum rannsóknastofnana kost á að raða verkefnum að nýju inn í niðurskorinn fjárlagaramma og hins vegar að kanna möguleika á auknum sértekjum stofnunum til handa. Var þá haft í huga að stofnanir gætu eflst við að fá verkefni sem gæfu af sér nægar tekjur til að standa straum af kostnaði þeim samfara. Tekið var skýrt fram að starfsmenn, sem að slíkum verkefnum væru ráðnir, yrðu verkefnaráðnir, þannig að viðkomandi stofnun sæti ekki uppí með starfsmennina þegar verkefninu lyki. Við undirbúning fjárlagafrumvarps var sérhverri rannsóknarstofnun ákveðinn fjárhagslegur rammi til að starfa innan. Aftur á móti var ekki að fullu gengið frá niðurröðun verkefna nokkurra stofnana. Er þess getið í greinargerð og er vísað til fjárveitinganefndar.

Langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna mun ekki enn hafa verið staðfest af stjórnvöldum. Verði það gert væri eðlilegt að hugað yrði nánar að eftirfarandi atriðum:

- a) Skilgreind yrði grunnstærð hvernar stofnunar og hún tengd langtímaáætlun. Grunnstærðin yrði þá eins konar heimanundur frá ríkinu, en að auki yrði sjálfsaflafé stofnana þeim til eflingar. Sérstakrar athugunar þarf við þegar ríkið eða ríkisstofnanir eru aðal- eða einu kaupendur þjónustu rannsóknastofnananna. Er þar einkum átt við að gjaldskrár sé ekki misbeitt.
- b) Endurskoða og samræma þarf gjaldskrár rannsóknastofnananna.
- c) Skilgreina þarf nánar hvernig staðið skuli að verkefnaráðningu starfsmanna. Kemur m. a. til álita að ráðningin sé borin undir Ráðninganefnd ríkisins ef ætla má að verkefnið taki lengri tíma en eitt ár.

- 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna. Framlag til sjóðsins, sem er eingöngu framlag frá Happraetti H.Í., hækkar um 54 200 þús. kr. og verður 145 400 þús. kr. Skal fjárhæðinni varið til greiðslu vaxta og afborgana af skuldbindingum sjóðsins 32 888 þús. kr. og til frekari uppbyggingar á Keldnaholti 112 512 þús. kr.
- 301 Menntaskólinn í Reykjavík. Fjárveiting til skólans hækkar um 160 506 þús. kr. og nemur framlag rikissjóðs þá 508 220 þús. kr. Hækkun fjárveitingarinnar skýrist af eftirfarandi: Laun hækka um 156 527 þús. kr., sem er um 12 000 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkunir, en það skýrist af því að gert er ráð fyrir nokkurri fjölgun nemenda við skólann. Þá hækka önnur rekstrargjöld hækka um 3 979 þús. kr. en gjaldfærður stofnkostnaður verður 10 000 þús. kr. Er það óbreytt upphæð frá fjárlögum 1979 og er fjárveitingin ætluð til húsa- og lóðarkaupna á lóð skólans.
- 302 Menntaskólinn á Akureyri. Fjárveiting til skólans verður 445 049 þús. kr. og er það hækkan um 148 329 þús. kr. frá fjárlögum 1979. Laun hækka um 130 242 þús. kr. sem er um 11 000 þús. kr. meiri hækkan en launaforsendur gefa tilefni til. Gert er ráð fyrir fjölgun nemenda, þannig að bæta verði við tveimur bekkjardeildum, og skýrir það launahækkunina. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 087 þús. kr. sem er innan við eðlilegar verðlagshækkunir. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 8 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. sem fara á til frekari undirbúningsvinnu við íþróttahús skólans.
- 307 Menntaskólinn á Egilsstöðum. Kennsla hefst við skólann haustið 1979 í fjórum bekkjardeildum. Laun eru áætluð 64 755 þús. kr., en það eru laun skólameistara, fimm kennara, húsvarðar, fulltrúa í hálfu starfi og húsbónda á heimavist í hálfu starfi eða átta stöðugildi alls, auk þess sem áætlað er fyrir ræstingar-kostnaði og öðrum launakostnaði. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 9 240 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður er áætlaður 95 000 þús. kr., þar af 80 000 þús. kr. til áframhaldandi framkvæmda við 1. áfanga, sem er heimavist og mótuneyti, og 15 000 þús. kr. vegna kennaraibúða. Heildarframlag til Menntaskólans á Egilsstöðum er því samtals 168 995 þús. kr.
- 308 Menntaskólinn í Kópavogi. Fjárveiting til skólans hækkar um 68 943 þús. kr. Launaliður hækkar um 76 191 þús. kr. sem er umfram almennar launahækkunir en skýrist af fjölgun bekkjardeilda um eina. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 752 þús. kr. sem nemur almennum verðlagshækkunum. Gjaldfærður stofnkostnaður er 20 000 þús. kr., sem er 10 000 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1979, og skal varið til að leysa húsnæðismál skólans.
- 321 Kennaraháskóli Íslands. Fjárveiting til skólans hækkar um 403 381 þús. kr. Laun hækka um 220 836 þús. kr. sem skýrist af almennum launahækkunum og fjölgun um eitt stöðugildi lektors. Er það til komið vegna eldri heimildar að $\frac{2}{3}$ hlutum auk nýrrar heimildar að $\frac{1}{3}$ hluta. Önnur rekstrargjöld hækka um 63 945 þús. kr. Skýringin felst í verðlagshækkunum og af framlagi til viðfangsefnisins námskeið réttindalausra kennara 32 000 þús. kr. Liður þessi var áður á fjárlagalið 02 791 Grunnskólar, almennt, en framlag í fjárlögum 1979 nam 11 000 þús. kr. Viðhald verður 7 900 þús. kr. sem er lækkun um 600 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 178 000 þús. kr. sem er 120 500 þús. kr. hærra framlag en í fjárlögum 1979. Þar af eru 13 000 þús. kr. til tækjakaupa en 165 000 þús. kr. til nýbyggingar við aðalbyggingu skólans. Þá hækka sértekjur um 1 300 þús. kr.
- 331 Íþróttakennaraskóli Íslands. Framlag til skólans hækkar um 77 743 þús. kr. Laun hækka um 33 082 þús. kr., þar af um 6 200 þús. kr. vegna einnar stöðu

kennara til viðbótar. Önnur hækkun umfram almennar launahækkunar er til komin vegna verulegrar fjölgunar nemenda við skólann og aukins kennslu-
magns því samfara. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 761 þús. kr. sem nemur
almennum verðlagshækkunum. Viðhald verður 6 000 þús. kr. en var 4 000
þús. kr. í fjárlögum 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 50 000 þús. kr.
en var 10 000 þús. kr. í fjárlögum 1979. Framlaginu skal varið til áframhald-
andi hönnunar og byggingar íþróttahúss við skólann. Þá hækka sértekjur um
100 þús. kr. og verða 200 þús. kr.

- 351 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. Framlag til skólans hækkar um 198 455 þús. kr. Laun hækka um 242 002 þús. kr. sem er um 40 000 þús. kr. umfram almennar launahækkunar vegna fjölgunar nemenda við skólann. Önnur rekstrargjöld hækka um 13 253 þús. kr. og er það í samræmi við verðlagshækkunar. Viðhald er 7 000 þús. kr. en var 5 000 þús. kr. í fjárlögum 1979. Stofnkostnaður er áætlaður 141 200 þús. kr. sem er 58 800 þús. kr. lækkun frá fjárlögum 1979. 1 200 þús. kr. eru ætlaðar í ýmsan búnað, 20 000 þús. kr. til áframhaldandi hönnunar á E-álmum og 120 000 þús. kr. er endurgreiðsla ríkissjóðs vegna þeirra framkvæmda sem Reykjavíkurborg hefur annast.
- 352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli. Fjárveiting til skólans hækkar um 116 349 þús. kr. Laun hækka um 114 049 þús. kr. Þar af eru 10 500 þús. kr. vegna fjölgunar fastráðinna kennara um 1,84 stöðugildi en nemendum hefur fjölgað verulega við skólann. Hluti ríkissjóðs í launagreiðslum skólaritara, matráðs-
konu, umsjónarmanns og gangavarðar auk ræstingar, sem nemur u. þ. b. 13 400 þús. kr., er nú talið með launalið en var talið með öðrum rekstrargjöldum í fjárlögum 1979. Þetta skýrir jafnframt hækkun þess liðar um 2 300 þús. kr. eða 12,2%. Gjaldfærður stofnkostnaður er 15 000 þús. kr. sem er sama fjár-
veiting og 1979. Er þar um að ræða greiðslu á hluta ríkissjóðs samkvæmt samningi um nýbyggingu skólans og breytingar á eldra húsi hans.
- 353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja. Framlag til skólans hækkar um 105 482 þús. kr. Laun hækka um 83 032 þús. kr. sem er um það bil 30 000 þús. kr. lægri upp-
hæð en almennar launahækkunar gera ráð fyrir. Er það vegna endurskoðaðrar áætlunar um nemendafjölda sem var ofáætlaður í fjárlögum 1979. Önnur rekstrargjöld hækka um 20 450 þús. kr., þar af eru um 13 500 þús. kr. vegna vanáætlunar í fjárlögum 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður er 65 000 þús. kr. og er varið til endurgreiðslu ríkissjóðs vegna byggingar kennsluhúss skólans. Það er 2 000 þús. kr. hærra framlag en var árið 1979.
- 371 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki. Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða en skólinn tekur við hlutverki iðnskóla og framhaldsdeilda grunnskóla á Sauðár-
króki sem lagðir hafa verið niður. Heildarframlag er áætlað 96 124 þús. kr.
- 372 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum. Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða en skólinn tekur við hlutverki iðnskóla, vélskóla og stýrimannaskóla í Vest-
mannaeyjum sem lagðir hafa verið niður. Heildarframlag er áætlað 87 035 þús. kr.
- 421 Fræðslumyndasafn. Hækkun á þessum lið er 10 893 þús. kr. og er þar ein-
göngu um að ræða almennar launa- og verðlagshækkunar. Stöðuheimildir eru auknar um 0,4 stöðugildi vegna þess að staða forstöðumanns er nú setin að fullu í stað 60% undanfarið.
- 501 Tækniskóli Íslands. Framlag ríkissjóðs verður 448 858 þús. kr., og er það hækkun um 132 843 þús. kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir. Laun hækka um 119 943 þús. kr. sem er um 9 000 þús. kr. umfram eðlilegar

launahækkunar. Hækkun þessi er tilkomin vegna eftirtalinna liða: Stundakennslu, prófgæslu, námsskrárgerðar og persónuuppbótar. Aðrir gjaldaliðir hækka samtals um 12 640 þús. kr. Þá lækka sértekjur um 260 þús. kr.

- 521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Lækkun á þessum lið, 106 248 þús. kr., skýrist fyrst og fremst af því að launaliður lækkar um 116 428 þús. kr. Laun nema vegna bóklegra þáttar námsins falla niður en voru í fjárlögum 1979 áætluð nálægt 115 000 þús. kr. Einnig er um að ræða nettó fækkun stöðugilda um 4,62 sem þýðir um 22 000 þús. kr. lækkun á launum. Að öðru leyti er um almennar launahækkunar að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 7 285 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður er áætlað 6 600 þús. kr. Það er 3 900 þús. kr. hærri fjárhæð en fjárveitingin nam 1979. Þá eru sértekjur hækkaðar um 1 005 þús. kr.
- 522 **Nýi hjúkrunarskólinn.** Fjárveiting lækkar um 13 260 þús. kr. Laun hækka um 11 660 þús. kr., þar af eru 2 700 þús. kr. vegna fjölgunar stöðugilda kennara um 0,5 en önnur laun lækka á móti. Nokkur fækkun nemenda á sér stað þannig að launaliðurinn er í samræmi við tillögur skólans og lækkar um 38,3% og er það eðlilegt miðað við áætlað kennslumagn. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 600 þús. kr., sem er um 18% hækkun frá fjárlögum 1979, og er tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings árið 1978.
- 553 **Hússtjórnarskólar.** Liðurinn lækkar um 89 575 þús. kr. Laun hækka um 71 672 þús. kr. eða sem nemur almennum launahækkunum þrátt fyrir fækkun um 1,23 stöðugildi kennara. Önnur rekstrargjöld hækka um 12 141 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður er áætlaður 37 262 þús. kr. sem er 12 262 þús. kr. hærri fjárveiting en 1979. Sértekjur eru áætlaðar 6 500 þús. kr. en ekki hefur verið áætlað fyrir sértekjum áður.
- 610 **Héraðsskólar, almennt.** Fjárveiting til héraðsskóla, almennt lækkar um 37 500 þús. kr. og verður fjárveitingin 254 000 þús. kr. Framlag til viðhalds héraðsskólanna lækkar um 24 000 þús. kr. og verður 72 000 þús. kr. Þá lækkar liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður um 13 000 þús. kr. og verður 182 000 þús. kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun ákveða skiptingu fjár til viðhalds og stofnkostnaðar á milli einstakra héraðsskóla. Ekki er áætlað fyrir sértekjum en þær voru 500 þús. kr. í fjárlögum 1979.
- 700—780 **Grunnskólar, rekstur.** Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla lækkar um 4 700 694 þús. kr. frá fjárlögum 1979 eða um 44,2%. Launaliðurinn lækkar um 4 391 735 þús. kr. Hefur þá verið tekið tillit til hækkunar launatengdra gjalda um 1% og launaflokkahækkunar kennara. Til hækkunar kemur fækkun yfirvinnustunda fastra kennara í samræmi við fyrirmæli menntamálaráðuneytisins á s.l. sumri. Er þessi sparnaður í samræmi við skerðingu kennslustunda sem var ákveðin við afgreiðslu fjárlaga ársins 1979 og þá metinn á 150 000 þús. kr.
- Vegna óvissu um hvaða áhrif þessar ráðstafanir munu hafa á starfsemi grunnskóla landsins er gert ráð fyrir fjárveitingu undir liðnum grunnskólar, almennt (02.791) 324.113 þús. kr. sem verður til skipta til einstakra fræðsluumdæma, ef þörf krefur, við endurmat á fjárþörf grunnskólanna.
- Ennfremur kemur til lækkunar að tveir framhaldsskólar hafa verið stofnaðir, í Vestmannaeyjum og á Sauðárkróki, og eru nú með sérstök fjárlaganúmer. Almennt framhaldsnám þessara skóla tilheyrði grunnskólum viðkomandi umdæma í fjárlögum 1979.
- Önnur rekstrargjöld hækka um 267 075 þús. kr. eða 36,7%. Er um að ræða hækkun til grunnskóla í öllum umdæmum nema í Reykjavík, þar sem þessi liður lækkar um 14 458 þús. kr. Ástæðan er sú að kostnaður við heilsu-

gæslu er tekinn út þar sem hann er borinn uppi af almennri heilsugæslu. Yfirfærslur til sveitarfélaga — framlög til fræðsluskrifstofa — hækka verulega eða um 41 884 þús. kr. Er framlag ríkissjóðs reiknað í samræmi við ákvæði 85. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, þ. e. að dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara (14. launafll.) verði greitt á hvern nemanda í grunnskólum umdæmisins þannig að 1,4 stundir koma á hverja fyrstu 2200 nemendur og 0,4 stundir á hvern nemanda þar umfram. Reiknað var með launum samkvæmt launatöflu í mars að viðbættum 34,47%. Við þetta framlag er síðan bætt 1 750 þús. kr. fyrir húsaleigu og ferðakostnaði í hverju umdæmi.

- 791 **Grunnskólar, almennt.** Fjárveiting á þessum fjárlagalið nemur samtals 564 043 þús. kr. og er það 383 558 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Áætlað er nú til nýs liðar, laun og önnur rekstrargjöld í grunnskólum 324 113 þús. kr., (sjá nánar í greinargerð 700—780 Grunnskólar, rekstur). Þar af eru laun 300 000 þús. kr. og önnur rekstrargjöld 24 113 þús. kr. Aðrar hækkanir sem orðið hafa eru sem hér segir: Laun kennara sem orlof fá 16 574 þús. kr., stjórnskipaðir prófdómarar 17 930 þús. kr., til umferðarfræðslu í skólum 1 881 þús. kr., til framkvæmdar sundskyldu í skólum 34 060 þús. kr. Þá fellur niður viðfangsefnið námskeið kennara sem ekki hafa full réttindi, en fjárveiting var 11 000 þús. kr. í fjárlögum 1979. Fjárveiting þessi færir yfir til Kennaraháskóla Íslands.
- 792 **Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Fjárveiting á þessum lið hækkar um 520 500 þús. kr. og verður 2 500 000 þús. kr. Svo sem venja hefur verið mun fjárveitinganefnd Alþingis ákveða skiptingu þessa fjár til einstakra framkvæmda.
- 793 **Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn.** Liður þessi fellur niður hér en framlög eru nú á fjárlagalið 07 976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.
- 797 **Stofnanir afbrigðilegra barna.** Liðurinn hækkar um 141 643 þús. kr. Laun hækka um 143 672 þús. kr. Þess er að geta að fækkun á sér stað um 0,33 stöðugildi kennara við Tjaldanesheimilið. Fluttar eru á liðinn 02—700 Grunnskólar í Reykjavík eftirfarandi stöðuheimildir: 4,25 stöðugildi uppeldisfulltrúa við sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur, 2,0 kennarastöður við Barnaspítala Hringins og 3,0 kennarastöður við sjúkrakennslu utan stofnana. Þá voru 1,5 stöðugildi kennara við Heyrnleysingjaskólann og 1,0 kennarastaða við Unglingaheimili ríkisins talin með þessum lið í síðustu fjárlögum en eru nú á viðkomandi stofnunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 35 237 þús. kr. Viðhald er áætlað 6 561 þús. kr. sem er 191 þús. kr. lægri fjárveiting en var 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður, sem var 20 134 þús. kr., fellur nú undir liðinn 07 976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra. Yfirfærslur til einstaklinga og samtaka hækka um 1 094 þús. kr. Að lokum er þess að geta að sértekjur eru áætlaðar 18 035 þús. kr. en fyrir þeim hefur ekki verið áætlað áður. Þar er um að ræða örorkubætur nemenda sem eru vistaðir á vegum Öskjuhlíðarskóla, að upphæð 15 318 þús. kr., og endurgreiðslur Reykjavíkurborgar vegna aksturs hreyfihamlaðra barna á dagheimilinu Múlaborg að upphæð 2 717 þús. kr.
- 799 **Heyrnleysingjaskólinn.** Liðurinn hækkar um 73 739 þús. kr. Laun hækka um 65 004 þús. kr. Þar af eru 7 545 þús. kr. vegna launa 1,5 kennara sem voru á fjárlögum 1979 á lið 02—797 Stofnanir afbrigðilegra barna. Einnig er gert ráð fyrir 1 500 þús. kr. vegna sérkennslu nemenda sem hafa takmarkað gagn af hópkennslu. Aðrir liðir hækka alls um 8 735 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir.

- 801 **Vistheimilið Breiðavík.** Liður þessi fellur niður enda hefur starfsemi heimilisins verið hætt samkvæmt tillögu nefndar sem endurskoðaði rekstur þess.
- 802 **Vernd barna og ungmenna.** Liðurinn hækkar um 22 442 þús. kr. Rekstrarliðir hækka samtals um 4 842 þús. kr. eða sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Yfirfærslur til einstaklinga og samtaka hækka um 17 600 þús. kr. og verða 21 300 þús. kr. Þar af er nýtt viðfangsefni, meðferðarheimilið að Smáratúni í Fljótshlíð, með 17 000 þús. kr. rekstrarstyrk.
- 803 **Dagvistarheimili, stofnkostnaður.** Framlag hækkar um 140 040 þús. kr. og verður 500 040 þús. kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun skipta framlagi þessu á einstakar framkvæmdir.
- 871 **Unglingaheimili ríkisins.** Liður þessi, sem er framlag til B-hluta stofnunar hækkar um 59 703 þús. kr. Launaliðurinn hækkar um 53 553 þús. kr. Eitt stöðugildi kennara er flutt af lið 02 797 Stofnanir afbrigðilegra barna. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði á árinu ráðningu sálfræðings í 0,75 stöðugildi sem er nýtt. Þá er fyrirhuguð stofnun göngudeildar við heimilið með launalið sem nemur 5 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður er áætlaður 17 100 þús. kr., þar af 15 000 þús. kr. til kaupa á húsnæði fyrir göngudeild. Aðrar hækkanir eru vegna almennra launa- og verðlagshækkana.
- 872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Framlag hækkar um 1 939 026 þús. kr. og verður 4 173 887 þús. kr. í heild. Auk þessa framlags verður sjóðnum aflað heimildar til lántöku allt að 1 200 000 þús. kr. Geta sjóðsins til lánveitinga er alls 4 659 000 þús. kr. og styrkveitingar alls 218 000 þús. kr. og kemur þetta fram í B-hluta frumvarpsins. Fjárveiting og lántökur eru við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið undir 85% umframfjárhörf eins og hún er metin af sjóðsstjórn og er það óbreytt frá gildandi reglu. Fjölgun lánveitinga á áætluninni er miðuð við 8% frá árinu 1979 og verðlagsbreyting milli ára miðast við 35% í samræmi við forsendur um innlent og erlent verðlag og gengisbreytingar. Afborganir lána og vaxtagreiðslur sjóðsins hafa farið ört vaxandi á síðustu árum. Full ástæða er til þess að fram fari athugun á fjármálum sjóðsins, ekki síst m.t.t. lánsfjármögnunar sjóðsins og endurgreiðslu veittra lána.
- 881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Fjárveiting verður 182 350 þús. kr. og er það hækkun um 106 000 þús. kr. frá fjárlögum 1979. Skiptist hækkunin þannig á einstök viðfangsefni: Framlag til Félagsstofnunar stúdenta hækkar um 6 000 þús. kr. og verður 35 000 þús. kr. Stúdentagarðar, viðhald hækkar um 75 000 þús. kr. og verður 100 000 þús. kr. Þar af eru 50 000 þús. kr. vegna greiðslu skuldar sem er tilkomin vegna viðhalds á Gamla Garði og aðrar 50 000 þús. kr. til áframhaldandi viðhalds stúdentagarðanna. Þá er tekið upp nýtt viðfangsefni, hjónagarðar 25 000 þús. kr., en framlag þetta er ætlað til að létta á skuldabyrði vegna byggingar hjónagarða við Suðurgötu. Hinn 30. janúar s. l. skipaði menntamálaráðherra nefnd til að gera tillögur um hvernig best megi tryggja rekstrargrundvöll Félagsstofnunar stúdenta í framtíðinni. Nefndin hefur skilað álit og er það til athugunar hjá ríkisstjórninni. Við ákvörðun ofangreindra framlaga var tekið mið af álit nefndarinnar.
- 931 **Náttúruverndarráð.** Fjárveiting hækkar um 2 744 þús. kr. Laun hækka um 16 994 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 750 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 4 000 þús. kr. og verður 25 000 þús. kr. Skiptist hann þannig á einstök verkefni: Til gerðar tjaldstæða í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum 11 500 þús. kr., til Þjóðgarðsins í Skaftafelli 4 000 þús. kr., framlag til Friðlýsingarsjóðs verður 7 000 þús. kr., merkingar og eftirlit friðlýstra svæða 1 500 þús. kr. og að lokum

- er 1 000 þús. kr. vegna stofnkostnaðar við yfirstjórn. Sértekjur hækka um 22 500 þús. kr. og verða þær 26 000 þús. kr. Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé Þjóðhátíðarsjóðs rennur til Friðlýsingarsjóðs og er sú fjárhæð áætluð 21 000 þús. kr. Aðrar sértekjur eru áætlaðar 5 000 þús. kr. sem er að mestu leiga af tjaldstæðum.
- 972 **Ríkisútvarpið, sjónvarp, aðflutningsgjöld.** Bein fjárveiting úr ríkissjóði fellur niður, þess í stað er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið taki lán að upphæð 500 000 þús. kr. til að standa straum af þeim framkvæmdum er hingað til hafa verið fjármagnaðar með framlagi úr ríkissjóði. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að fela þriggja manna nefnd frá stjórnarflokkunum að gera áætlun um heildarfjárfestingu Ríkisútvarpsins á næstu árum, m. a. til undirbúnings fjárlaga 1980, og geri nefndin tillögu um fjármögnun þessara framkvæmda með ákveðnum framlögum úr ríkissjóði, hugsanlegri hækkun afnotagjalda í þessu skyni og lántökum til lengri tíma.
- 974 **Sinfóníuhljómsveit Íslands.** Framlagið hækkar um 75 858 þús. kr. Þar af eru 19 360 þús. kr. hlutdeild ríkissjóðs vegna fjölgunar hljóðfæraleikara um tíu. Aðrar hækkunir eru í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkunir.
- 976 **Menningarsjóður.** Hækkun á þessum lið er 11 000 þús. kr. og nemur fjárveiting þá 37 000 þús. kr. sem er í samræmi við tekjuáætlun.
- 977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Framlagið til byggingar þjóðarbókhlöðu verður 300 000 þús. kr., sem fjármagnað verður með lántöku.
- 982 **Listir, framlög.** Hækkun á þessum lið er 41 900 þús. kr. sem kemur fram á eftirfarandi viðfangsefnum: Launasjóður rithöfunda hækkar um 33 407 þús. kr. Rithöfundasjóður hækkar um 8 875 þús. kr. Kvikmyndasjóður lækkar um 5 000 þús. kr. Starfslaun listamanna hækka um 4 618 þús. kr. Önnur framlög á þessum lið eru óbreytt í krónutölu frá fjárlögum 1979.
- 984 **Norræn samvinna.** Liður þessi hækkar um 20 698 þús. kr. Hækkun á hluta Íslands í norrænu menningarfjárlögunum nemur 22 528 þús. kr. Viðfangsefnið Norræna vatnafræðifélagið 100 þús. kr. fellur niður. Viðfangsefnið styrkur handa rithöfundum til dvalar á Norðurlöndum, sbr. lög nr. 28/1967, 100 þús. kr. féll niður í fjárlögum 1979 en kemur inn að nýju. Framlag Íslands til byggingar norræns húss í Þórshöfn 1 830 þús. kr. fellur niður sem sjálfstæður liður en er talinn með í framlagi Íslands til norrænu menningarfjárlaganna. Önnur framlög eru óbreytt.
- 985 **Félagsheimilasjóður.** Hluttur sjóðsins af áætluðum skemmtanaskatti að frá-dreginni skerðingu, er nemur 24 300 þús. kr., er 218 700 þús. kr. Er það 52 200 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979.
- 986 **Íþróttasjóður.** Fjárveiting á þessum lið nemur samtals 447 640 þús. kr. og er það hækkun um 100 000 þús. kr. frá fjárlögum 1979. Fjárveitinganefnd Alþingis mun sjá um skiptingu fjárveitingarinnar milli einstakra framkvæmda svo sem verið hefur.
- 999 **Ýmislegt.** Liður þessi hækkar um 13 482 þús. kr. og skýrist þannig að niður fellur 300 þús. kr. framlag til minnisvarða um Jón Eiríksson en í fjárlögum 1979 var um lokaframlag að ræða. Einnig fellur niður 600 þús. kr. framlag til brúðuleikhúsa. Viðfangsefnið forseti FIDE hækkar um 5 000 þús. kr. Nýtt viðfangsefni er tekið upp, stórmeistarar í skák 9 382 þús. kr., en hér er átt við laun tveggja stórmeistarara sem fengu áður greitt af liðnum Grunnskólar, almennt. Önnur framlög eru óbreytt frá fjárlögum 1979.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast sem hér segir í m. kr.

	Fjárlög		Hækkun	
	1979	1980	M. kr.	%
Yfirstjórn	349,9	542,1	192,2	54,9
Löggæsla á Keflavíkflugvelli	486,2	682,7	196,5	40,4
Sendiráðin	829,0	1 228,3	399,3	55,4
Alþjóðastofnanir	523,2	740,0	216,8	41,6
Samtals	2 188,3	3 193,1	1 004,8	45,9

Helstu breytingar sem orðið hafa á framlögum til einstakra málefnaflokka skal nú skýra nánar.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 174 755 þús. kr., þar af vegna starfrækslu aðalskrifstofu ráðuneytisins 137 165 þús. kr. Laun á aðalskrifstofu hækka um 77 691 þús. kr., þar af 6 148 þús. kr. vegna flutnings á einni stöðu frá sendiráðinu í London til aðalskrifstofu ráðuneytisins en samsvarandi lækkan á launum á sér stað við sendiráðið í London. Að öðru leyti er um eðlilegar grunnlaunahækkunarir að ræða að fjárhæð 71 543 þús. kr. Önnur rekstrargjöld á aðalskrifstofu hækka um 57 875 þús. kr. og er það 54,9% hækkun frá fjárlögum 1979. Hækkun umfram eðlilegar verðlagshækkunarir á rót sína að rekja til þess að heimiluð hefur verið aukning á húsnæði ráðuneytisins og nemur kostnaður vegna þess 10 800 þús. kr. Viðhald og stofnkostnaður hækkar samtals um 1 600 þús. kr. Framlög til einstakra verkefna breytast sem hér segir: Kostnaður vegna samninga við erlend ríki hækkar um 1 900 þús. kr. og verður 3 000 þús. kr., kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum eykst um 16 300 þús. kr. og verður 52 600 þús. kr., framlag til kjöræðismanna hækkar um 1 000 þús. kr. og verður 4 300 þús. kr., til upplýsinga- og kynningarstarfsemi er varið 22 200 þús. kr. og nemur hækkunin 5 040 þús. kr., til kaupa á kvikmyndum er varið 3 000 þús. kr. og er það hækkun um 2 000 þús. kr., hækkun vegna markaðsmála nemur 4 650 þús. kr. og verður framlagið þá 21 700 þús. kr. Þá er tekið inn eitt nýtt viðfangsefni sem er vegna sameiginlegrar menningarkynningar Norðurlanda í Bandaríkjunum. Áformað er að umrædd kynning fari fram árið 1982 og nemur framlag vegna þessa verkefnis 6 700 þús. kr.
- 102 **Varnarmáladeild.** Heildargjöld varnarmáladeildar hækka um 17 480 þús. kr. Hækkun launa nemur 11 921 þús. kr. og önnur rekstrargjöld hækka um 5 379 þús. kr. Nemur hækkun þessi 51,5% frá fjárlögum ársins 1979. Heimiluð var aukning á húsnæði varnarmáladeildar, m. a. til þess að unnt yrði að skapa nýskipaðri öryggismálanefnd viðunandi starfsaðstöðu. Skýrist hækkun á rekstrargjöldum, sem er umfram eðlilegar verðlagshækkunarir, af þessari aukningu. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 200 þús. kr. og verður 600 þús. kr.
- 301—313 **Sendiráðin.** Kostnaður vegna starfrækslu sendiráða Íslands erlendis hækkar um 438 311 þús. kr., þar af hækkar launaliður um 266 225 þús. kr. Heimilað hefur verið hálf stöðugildi við sendiráðið í Stokkhólmi og nemur hækkun vegna þess 3 112 þús. kr., að öðru leyti stafar launahækkunin af gengisbreytingum íslensku krónunnar. Önnur rekstrargjöld hækka um 163 574 þús. kr. sem er nær eingöngu gengisáhrif. Á fjárlagaliðinn Sendiráð, almennt eru færðar 39 313 þús. kr. vegna ýmissa óvissuþátta sem teknir verða til sérstakrar athugunar. Á þessum lið voru 38 987 þús. kr. á fjárlögum 1979. Viðhaldsliður sendiráðanna hækkar um 11 837 þús. kr. en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar hins vegar um 4 429 þús. kr.

- 399 Ýmis utanríkismál. Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 109 600 þús. kr. sem skiptist þannig: Aðstoð Íslands við þróunarlöndin 64 000 þús. kr. sem er vegna sammingsbundinna verkefna aðstoðarinnar. Þá færast framlag til Háskóla Sameinuðu þjóðanna af fjárlagaliðnum Alþjóðastofnanir og nemur aukning vegna þessa 45 600 þús. kr.
- 401 Alþjóðastofnanir. Hækkun framlaga til alþjóðastofnana nemur samtals 107 201 þús. kr. Flest öll framlögin sem veitt eru á þessum fjárlagalið eru bundin í dollurum og er hækkunin því vegna gengisbreytinga íslensku krónunnar.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokkna landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m. kr.:

	Fjárlög		Hækkun	
	1979	1980	M. kr.	%
Yfirstjórn	134,4	195,9	61,5	45,7
Búnaðarmál	10 057,7	14 303,5	4 245,8	42,2
Skólar	444,6	601,2	156,6	35,2
Samtals	10 636,7	15 100,0	4 463,9	42,0
Þar af markaðir tekjustofnar	19,4	19,4	—	—

Markaður tekjustofn, sem telst til landbúnaðarráðuneytisins, er hluti gjalds af seldum vöndlingum sem rennur til Landgræðslusjóðs. Gjaldið er óbreytt frá fjárlögum 1979.

Til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokkna skulu nú helstu fjárlagaliðir ræddir nánar.

- 101 Aðalskrifstofa. Hækkun á framlagi til aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur samtals 48 324 þús. kr. eða 58,9%. Laun hækka um 37 572 þús. kr., þar af er sérstök fjárveiting 9 820 þús. kr. vegna skipulagsmála í landbúnaði samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Að öðru leyti er um eðlilegar launahækkunar að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 752 þús. kr. vegna eðlilegra verðlagshækkana.
- 171 Jarðeignir ríkisins. Framlag ríkissjóðs hækkar um 13 350 þús. kr. og verður 55 000 þús. kr. Er það 32,0% hækkun frá fjárlögum 1979.
- 172 Jarðasióður. Lögbundið framlag til Jarðasióðs er lækkað um 1 400 þús. kr. frá ákvæðum laga og verður 10 600 þús. kr. Lækkun þessi er í samræmi við lækkun framlaga til fjárfestingarsjóða samkvæmt meginforsendum frumvarpsins.
- 201 Búnaðarfélag Íslands. Framlag til Búnaðarfélags Íslands hækkar um 158 191 þús. kr. og nemur samtals 451 601 þús. kr. Fjárveitingar eru til þriggja nýrra verkefna. Það eru forfalla- og afleysingabiðnusta í sveitum sem stofnað er til með lögum nr. 32/1979 og nemur fjárveiting 32 697 þús. kr. Þá er veitt til starfs hrossaúflutningsráðunautar 1 832 þús. kr. og framlag ríkissjóðs til varahluta-biðnustu landbúnaðarins nemur kr. 1 251 þús. kr. Að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagsbreytingar að ræða.
- 205 Veidistíóri. Hækkun á framlagi nemur 21 859 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 3 706 þús. kr. og er hér um eðlilegar launahækkunar að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 085 þús. kr. sem er innan eðlilegra verðlagshækkana. Þá hækkar liðurinn Til sveitarfélaga um 16 068 þús. kr. og er það 67,1% hækkun frá fjárlögum 1979. en liður þessi hefur verið vanáætlaður að undanfögnu og er ætlunin að leiðrétta það hér með.

- 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Framlag til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hækkar um 206 191 þús. kr. og nemur samtals 683 157 þús. kr., þar af hækkar launaliður um 90 731 þús. kr. vegna eðlilegra launahækkana. Rekstrar-gjöld og viðhald hækka samtals um 71 603 þús. kr. Af þeirri fjárhæð er hækkan vegna landgræðsluáætlunar 8 513 þús. kr. sem er greiðsla á verðbótum vegna stöðasta hluta þjóðargjafarinnar. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 1 610 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 17 000 þús. kr. og verða 30 000 þús. kr. Framlög til tilraunastöðvanna hækka samtals um 59 247 þús. kr. Þau verða 181 626 þús. kr. og skiptast sem hér segir:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Breyting
Hestur	25 163	41 834	16 671
Reykholar	12 998	20 323	7 325
Möðruvellir	39 243	51 503	12 260
Skriðuklaustur	28 513	42 400	13 887
Sámsstaðir	16 462	25 566	9 104
Samtals	122 379	181 626	59 247

Af fjárveitingunni til Hestsbúsins fara 5 200 þús. kr. til tækjakaupa en 36 634 þús. kr. er rekstrarfjárveiting. Á Reykhólum eru 3 000 þús. kr. af fjárveitingunni til tækjakaupa en 17 323 þús. kr. er rekstrarfjárveiting. Fjárveiting til tilraunastöðvarinnar á Möðruvöllum er 51 503 þús. kr., þar af eru 17 000 þús. kr. til áframhaldandi framkvæmda við tilraunafjós, 541 þús. kr. til tækjakaupa og 33 962 þús. kr. rekstrarfjárveiting. Af framlagi til Skriðuklausturs fara 5 750 þús. kr. til tækjakaupa en 36 650 þús. kr. er rekstrarfjárveiting. Framlag til tilraunastöðvarinnar á Sámsstöðum skiptist þannig að 6 700 þús. kr. eru til tækjakaupa en 18 866 þús. kr. er rekstrarfjárveiting.

- 231 Skógrækt ríkisins.** Framlag til Skógræktar ríkisins hækkar samtals um 111 579 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 70 551 þús. kr., eingöngu vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 18 300 þús. kr. og verða 59 000 þús. kr., þar af er sérstök fjárveiting 1 000 þús. kr. sem er til að safna borsýnum úr trjám og mæla árhringi. Viðhald hækkar um 11 800 þús. kr. og verður 39 500 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 30 928 þús. kr. og verður 181 137 þús. kr. Þar af er greiðsla verðbóta vegna landgræðsluáætlunar 145 137 þús. kr. Framlag til einstaklinga og samtaka hækkar um 4 000 þús. kr. og verður 13 000 þús. kr. Þá eru sértekjur hækkaðar um 24 000 þús. kr.
- 235 Landgræðsla ríkisins.** Framlag hækkar um 146 226 þús. kr., þar af hækka laun og önnur rekstrargjöld samtals um 68 298 þús. kr. sem er eingöngu vegna eðlilegra launa- og verðlagsbreytinga. Viðhald hækkar um 14 600 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 87 328 þús. kr., þar af hækkar landgræðsluáætlun um 97 328 þús. kr. sem er vegna greiðslu verðbóta. Sértekjur stofnunarinnar eru hækkaðar um 24 000 þús. kr.
- 241 Landnám ríkisins.** Framlag til Landnáms ríkisins hækkar samtals um 8 723 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 14 163 þús. kr. sem er eingöngu vegna umsaminna launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 3 460 þús. kr. sem er vegna almennra verðlagsbreytinga. Viðhald verður 250 þús. kr. Yfirfærsla til B-hluta 25 000 þús. kr. fellur niður en í fjárlögum 1979 voru veittar 10 000 þús. kr. til Fóðuriðjunnar í Ólafsdal og 15 000 þús. kr. til Grænfóðurverksmiðjunnar í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu.

Þá verður framlag til einstaklinga og samtaka 20 000 þús. kr. og skiptist þannig: Vegna Hólsfjallaáætlunar 17 000 þús. kr., vegna Kleppjárnsreykja 2 000 þús. kr. og vegna Möðrudals 1 000 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 4 150 þús. kr.

- 247 **Yfirdýralæknir.** Framlag til embættis yfirdýralæknis hækkar um 88 358 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 63 073 þús. kr. Þar af eru 3 362 þús. kr. vegna dýralæknis í Strandaumdæmi, en Strandaumdæmi hefur hingað til verið gegnt frá dýralæknisembættinu í Húnavatns-sýslu. Að öðru leyti er um eðlilegar launahækkunar að ræða. Önnur rekstrar-gjöld hækka um 4 181 þús. kr. vegna almennra verðbreytinga. Þá hækkar við-haldsliður um 7 000 þús. kr. og verður 14 000 þús. kr. en ætlunin er að efla viðhald dýralæknisbústaða á næsta ári. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 12 000 þús. kr. og verður 42 000 þús. kr. sem ætlað er til síðasta áfanga byggingar á dýralæknisbústað á Þórshöfn og byggingar dýralæknisbústaðar á Barðaströnd. Þá hækkar yfurfærsla til einstaklinga og samtaka um 2 104 þús. kr.
- 271 **Landgræðslusjóður.** Framlag til sjóðsins er óbreytt frá fjárlögum 1979 19 380 þús. kr. Er hér um að ræða hluta vindlingagjalds sem rennur í sjóðinn.
- 286 **Landbúnaður, framlög.** Hækkun á þessum lið nemur 10 950 þús. kr. og er hækkunin öll vegna Veðdeildar Búnaðarbankans, en með lögum nr. 34/1979 er kveðið á um að árlegt framlag ríkissjóðs skuli vera 25 000 þús. kr. Framlag þetta er skert um 15% og er það í samræmi við meginforsendur frumvarpsins. Önnur framlög eru óbreytt.
- 287 **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Framlagið til stofnlánadeildarinnar, sem er lögbundið, hækkar um 270 200 þús. kr. og verður þá 913 700 þús. kr. Hefur þá 15% skerðing átt sér stað í samræmi við meginforsendur frumvarpsins.
- 288 **Jarðræktarframlög.** Framlag til jarðræktarframlaga hækkar um 570 000 þús. kr. og verður alls 1 560 000 þús. kr. Bráðabirgðaákvæði laga nr. 43/1979 er á þá leið að í fjárlögum 1980—1985 skuli ætla til framkvæmda skv. 10. gr. jarðræktarlaga fjárhæð sem nemur meðaltali slíkra framlaga árin 1978 og 1979. Á þá fjárhæð skal árlega greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda. Áætlun um framlag ríkissjóðs 1980 er reist á meðalframlagi ríkissjóðs til jarðræktar í fjárlögum á árunum 1978 og 1979. Til framreiknings á verðlagi 1978—79 er notuð vísitala jarða- og húsa-bóta frá Hagstofu Íslands, sem hækkar að meðaltali um 49,7%. Samkvæmt áætlun sömu stofnunar má vænta hækkunar á vísitölu jarða- og húsabóta að meðaltali um 42,9% á árinu 1979—1980 og er það hlutfall lagt til grundvallar útreikningunum.
- 289 **Framræsla.** Framlög vegna framræslu hækka um 125 000 þús. kr. og verða 385 000 þús. kr. Þar af er flýttigreiðsla 65 000 þús. kr.
- 290 **Útflutningsbætur.** Áætlaðar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir vegna framleiðsluársins 1979/80 nema alls 7 600 000 þús. kr. og hækka um 2 263 000 þús. kr. eða 42,4% frá fjárlögum 1979. Er þá miðað við fullnýtingu verðábyrgðar ríkissjóðs á árinu sem er 10% af framleiðsluverðmæti landbúnaðarvæðis samkvæmt mati Hagstofu Íslands. Á þessu stigi er óljóst hvort og hve stór hluti af verðábyrgðarreikningum vegna útfluttra landbúnaðarafurða vegna framleiðsluársins 1979/80 verða greiddir á þessu ári en ákvörðun þar að lútandi getur haft áhrif á framlag til útflutningsbóta á næsta ári.
- 291 **Búfjárrækt skv. lögum nr. 31/1973.** Framlag vegna búfjárræktar hækkar um 82 662 þús. kr. og verður 270 963 þús. kr. Hækkun launa um 35 802 þús. kr.

er eingöngu tilkomin vegna almennra launabreytinga. Framlög til hinna einstöku búgreina hækka samtals um 46 860 þús. kr. og verða 153 400 þús. kr.

- 501 **Bændaskólinn Hvanneyri.** Hækkun á framlagi til Bændaskólans á Hvanneyri nemur samtals 81 762 þús. kr. og skiptist hækkunin þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 68 677 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launabreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 36 240 þús. kr. vegna almennra verðlagshækkana. Viðhaldsliður hækkar um 6 460 þús. kr. og verður 23 460 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 6 500 þús. kr. og verður 60 000 þús. kr. Skiptist stofnkostnaðurinn sem hér segir: Áætlað er að verja 52 000 þús. kr. til húsbýggingarframkvæmda og 8 000 þús. kr. vegna lóða og lagna. Þá hækka sértekjur skólans um 23 115 þús. kr. og verða 100 815 þús. kr.
- 502 **Bændaskólinn á Hólum.** Hækkun á framlagi til Bændaskólans á Hólum nemur samtals 26 206 þús. kr. og verður framlagið þá 119 890 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á gjaldategundir: Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 30 356 þús. kr. sem eru eingöngu eðlilegar launa- og verðlagshækkunir. Þá hækkar viðhald um 4 200 þús. kr. og verður 17 000 þús. kr. Viðhaldsliðurinn skiptist á eftirfarandi hátt: Til viðhalds á skólahúsi, kennarabústöðum I og II, starfsmannahúsi og skólastjóraráhúsi er áætlað að verja 12 000 þús. kr., til viðhalds á útihúsum eru ætlaðar 2 000 þús. kr. Þá eru 2 000 þús. kr. áformaðar til viðhalds vatnsveitu og 1 000 þús. kr. til viðhalds á vélaverkstæði skólans. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 650 þús. kr. og verður 19 000 þús. kr., þar af eru 17 000 þús. kr. til lúkningar á 1. áfanga hesthúss á staðnum og 2 000 þús. kr. til véla- og verkfærakaupa. Sértekjur skólans eru hækkaðar um 9 000 þús. kr.
- 503 **Garðyrkjuskóli ríkisins.** Framlag ríkissjóðs til Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum hækkar samtals um 48 697 þús. kr. og verður 165 716 þús. kr. Skiptist hækkun þessi þannig á einstaka gjaldaliði: Laun hækka um 33 719 þús. kr. og verða 99 535 þús. kr., þar af eru 2 875 þús. kr. vegna ráðningar á sérfræðingi í ljóstækni- og lífeðlisfræði plantna, að öðru leyti er um eðlilegar launahækkunir að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 11 135 þús. kr. og verða 38 268 þús. kr. sem er eingöngu vegna eðlilegra verðlagshækkana. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 14 630 þús. kr. og verður 50 000 þús. kr. Af stofnkostnaðinum eru ætlaðar 48 100 þús. kr. til að ljúka heimavist III og 1 900 þús. kr. til frágangs á anddyri. Þá eru sértekjur skólans hækkaðar um 10 787 þús. kr. og verða 22 087 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára sem hér segir í m. kr.:

	Fjárlög		Hækkun	
	1979	1980	M. kr.	%
Yfirstjórn	108,4	185,8	77,4	71,4
Útvegsból	4 336,7	6 001,5	1 664,8	38,4
Annað	151,8	222,6	70,8	46,6
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Samtals	4 596,9	6 409,9	1 813,0	39,4
Þar af markaðir tekjustofnar	215,0	311,3	96,3	44,8

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem hækkar um 96,3 m.kr. frá fjárlögum ársins 1979. Skipting milli viðtakenda er þessi: Byggingarsjóður hafrannsóknaskips fær 112,1 m.kr. og er það

lækkun um 4,3 m.kr., framleiðslueftirlit sjávarafurða fær 186,8 m.kr. og er það hækkun um 102,9 m.kr. og til byggingar rannsóknastofu sjávarútvegsins renna 12,4 m.kr. og er það lækkun um 2,0 m.kr. frá fjárlögum 1979. Helstu fjárlagaliðir skulu nú skýrðir nánar til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefna-flokka.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Heildarhækkun á aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur 77 413 þús. kr. og er það 71,4% hækkun frá fjárlögum ársins 1979. Hækkun á launalið er 62 075 þús. kr. og skýrist af eftirfarandi: Heimiluð hefur verið staða ritara og nemur kostnaður vegna þess 3 586 þús. kr. Í fjárlögum 1979 var launaliður ráðuneytisins varðandi nefndakostnað og aðkeypta vinnu verulega vanáætlaður og er það nú lagfært með 10 000 þús. kr. hækkun. Að öðru leyti er um eðlilegar launahækkanir að ræða. Þá eru rekstrargjöld hækkuð um 15 838 þús. kr., viðhald um 2 000 þús. kr., en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 2 500 þús. kr.
- 202 **Hafrannsóknastofnun.** Fjárveiting til Hafrannsóknastofnunar hækkar um 717 306 þús. kr. eða 56,6% frá fjárlögum ársins 1979 og skýrist hækkun þessi þannig: Laun hækka um 374 517 þús. kr. vegna eðlilegra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 268 909 þús. kr. sem er 78,4% hækkun frá fjárlögum 1979. Hækkun þessi skýrist af tvennu. Í fyrsta lagi er nú gert ráð fyrir að rannsóknaskipið Hafbór verði gert út allt árið 1980 en í fjárlögum 1979 var aðeins gert ráð fyrir úthaldi skipsins að hluta á því ári. Í öðru lagi skýrist hækkun þessi af miklum verðhækkunum sem orðið hafa á olíu. Að öðru leyti er um eðlilegar verðlagshækkanir að ræða á öðrum rekstrargjöldum. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 88 880 þús. kr. sem er innan eðlilegra verðlagshækkana. Þá hækka sértekiur stofnunarinnar um 15 000 þús. kr. Skipting þess fjárhagslega ramma, sem stofnuninni er hér settur, verður endurskoðuð í meðferð frumvarpsins hjá fjárveitinganefnd og vísast í því sambandi til greinargerðar um Rannsóknaráð ríkisins.
- 203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Heildarfjárveiting til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins verður 313 618 þús. kr. og er það 83 522 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Skiptist hækkun þessi þannig milli gjalda tegunda: Laun hækka um 76 499 þús. kr., þar af eru 4 034 þús. kr. vegna verkefnaráðninga en að öðru leyti er um eðlilegar launahækkanir að ræða. Aðrar hækkanir á framlagi til stofnunarinnar, samtals 7 023 þús. kr., eru í samræmi við almennar verðlagshækkanir.
- 274 **Aflatryggingarsjóður.** Mótframlag ríkissjóðs til almennu deildar síóðsins hækkar um 126 650 þús. kr. og verður 606 950 þús. kr. Við ákvörðun á mótframlagi ríkissjóðs er miðað við að lög nr. 3/1979 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5/1976 verði framlengd í óbreyttri mynd.
- 275 **Fiskveiðasióður.** Framlag til Fiskveiðasióðs hækkar um 341 600 þús. kr. og verður 1 617 000 þús. kr. Þá hefur verið gert ráð fyrir að lög nr. 3/1979 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5/1976 verði framlengd óbreytt. Þá á sér stað 15% lækkun miðað við ákvæði laga nr. 3/1979 í samræmi við meginforsendur frumvarpsins.
- 299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Framlag hækkar um 38 602 þús. kr. og skiptist þannig milli einstakra viðfangsefna: Tekin eru inn tvö ný viðfangsefni, vinnu- og rekstrarhagræðing í fiskvinnslufyrirtækjum 10 000 þús. kr. og til mörkunar fiskveiðistefnu 30 000 þús. kr. Fellt er niður framlag til tveggja verkefna, verðunngætur á línufisk 40 000 þús. kr. og fiskvinnsluvélanámskeið 2 500 þús. kr. Eftirtalin framlög hækka frá fjárlögum 1979: Framlag til síóvinnunámskeiða hækkar um 2 000 þús. kr., til skólabáta 5 500 þús. kr. og eftirlit með hvalvinnslustöðvum 135 þús. kr., til að tryggja útgerðarfyrirtækjum viðgerðarþjónustu á

fiskleitartækjum 300 þús. kr. og veiðieftirlit 33 267 þús. kr. Framlag til váttryggingasjóðs fiskiskipa lækkar um 100 þús. kr. og verður 68 000 þús. kr. Hér er um að ræða lokagreiðslu á halla váttryggingasjóðs fiskiskipa eftir eldra kerfi samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá árinu 1976. Þessum greiðslum átti að ljúka á þessu ári en því var breytt í meðförum Alþingis við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1979.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dómsmálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í m.kr.

	Fjárlög		Hækkun	
	1979	Frumvarp 1980	m.kr.	%
Yfirstjórn	148,5	223,9	75,4	50,8
Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	10 077,8	14 267,4	4 189,6	41,6
Þjóðkirkjan	909,2	1 322,9	413,7	45,5
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Gjöld samtals	11 135,5	15 814,2	4 678,7	42,0

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokkanna.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 64 050 þús. kr. Laun hækka um 52 822 þús. kr., þar af eru 7 200 þús. kr. vegna launa lausráðins starfsmanns er hafi það verkefni að vinna að auknu aðhaldi og bættu skipulagi við sýslumanns- og bæjarfógetaembættin. Þetta verkefni er flutt af liðnum 06 211 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Aðrar hækkanir launa, 45 622 þús. kr., eru vegna almennra launahækkana. Aðrir gjaldaliðir hækka um 11 228 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir.
- 202 **Ríkissaksóknari.** Framlag til þessa fjárlagaliðar hækkar samtals um 36 978 þús. kr. og verður fjárveitingin þá 124 589 þús. kr. Athugað hefur verið hvort ekki sé ástæða til að tölvuvæða sakaskrána. Mál þetta þarfnast nánari athugunar og er gert ráð fyrir framlagi til þessa verkefnis á fjárlagaliðnum Rafreiknar, framlög (15—182).
- 204 **Borgarfógetaembætti.** Liðurinn hækkar um 79 564 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 25 121 þús. kr. og er það 15 000 þús. kr. umfram verðlagshækkanir. Umframfjárhæðin er ætluð til endurskipulagningar á þinglýsingarbókum til einföldunar og bættrar þjónustu. Aðrar hækkanir 54 443 þús. kr. eru vegna almennra launa- og verðlagshækkana.
- 206 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Fjárveiting hækkar um 1 061 113 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 935 744 þús. kr. eða sem nennur almennum verðlags- og grunnlaunahækkunum. Viðhald verður 123 509 þús. kr. sem er 32 231 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 54 170 þús. kr. og verður 89 820 þús. kr. sem skiptist í meginatriðum á eftirtalin verkefni: Vegna áframhaldandi undirbúnings framkvæmda við lögreglustöð í Breiðholti 20 000 þús. kr., til kaupa á bifreiðum og bifhjólum fyrir lögreglustjóraembættið 45 000 þús. kr., til kaupa á bifreið fyrir útlendingaeftirlitið 6 000 þús. kr., ýmis áhöld fyrir yfirstjórn 6 100 þús. kr. og 10 000 þús. kr. eru til kaupa á ýmsum öðrum búnaði. Sértekjur lækka um 38 968 þús. kr. en þær reyndust ofátlaðar í fjárlögum 1979.
- 207 **Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík.** Fjárveiting fellur niður enda var um lokaframlag að ræða í fjárlögum 1979.

- 208 **Rannsóknarlögregla ríkisins.** Liðurinn hækkar um 203 111 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 178 611 þús. kr. eða sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Viðhald verður 6 200 þús. kr. sem er 2 000 þús. kr. hækkun. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 24 500 þús. kr. og verður 34 500 þús. kr. Er það vegna 20 000 þús. kr. lokagreiðslu fyrir framkvæmdir að Auðbrekku 61 í Kópavogi, endurnýjunar á einni bifreið 6 000 þús. kr. og ýmiss skrifstofubúnaðar 8 500 þús. kr. Sértekjur, sem er nýr liður, eru áætlaðar 2 000 þús. kr. vegna sölu einnar bifreiðar og skrifstofuvéla.
- 237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Heildarhækkun framlaga er 1 365 400 þús. kr. frá fjárlögum 1979. Laun hækka alls um 1 111 590 þús. kr. Breytingar á starfsmannahaldi eru eftirfarandi: Aukning um hálf stöðugildi lögreglumanns á Suðureyri. Sú staða skal vera samnýtt með stöðum við bæjarfógeta-embættið á Ísafirði. Ráðninganefnd hefur heimilað aukningu um hálf stöðugildi sakaskrárritara á Akureyri. Fjölgað er um eitt stöðugildi rannsóknarlögreglumanns í Keflavík er starfi einkum við rannsókn fikniefnamála. Eins og segir í athugasemdum við aðalskrifstofu ráðuneytisins eru laun á lið 06 211 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta flutt á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Með tilliti til þessa hækka laun sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 211 485 þús. kr. og verða 710 328 þús. kr. og er það í samræmi við almennar verðlagshækkunir. Viðhald verður 67 866 þús. kr. sem er 20 408 þús. kr. hærri fjárveiting en 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 202 078 þús. kr. sem er 40 286 þús. kr. herra framlag en var 1979. Helstu framkvæmdaframlög eru: 30 000 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar og sýsluskrifstofu í Borgarnesi, 15 000 þús. kr. vegna lögreglustöðvar á Bolungarvík, 12 000 þús. kr. til kaupa á húsnæði á Hólmavík, 2 000 þús. kr. til endurbóta á skrifstofu í Ólafsfirði, 8 000 þús. kr. til endurbóta á húsnæði löggæslu á Seyðisfirði, 5 000 þús. kr. til athugunar á húsnæði fyrir löggæslu á Hvolsvelli, 3 000 þús. kr. til breytinga á fangahúsi í Vestmannaeyjum, en framlag til þessa í fjárlögum 1979 var ekki notað, 70 000 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar í Keflavík, einnig 8 000 þús. kr. til að fullgera innréttingar í skrifstofu embættisins. Þá eru ýmsir smærri stofnkostnaðarliðir samtals 49 078 þús. kr. Sértekjur hækka um 18 369 þús. kr. og verða alls 48 069 þús. kr.
- 241 **Hegningarhús.** Fjárveiting hækkar um 38 391 þús. kr. og verður 113 458 þús. kr. Laun hækka um 29 666 þús. kr. sem er um 4 900 þús. kr. meira heldur en almennar launahækkunir gefa tilefni til. Stafar hækka þessi af því að launaliður var vanmetinn í fjárlögum 1979 og er það nú lagfært. Aðrar hækkunir nema samtals 8 725 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkunir.
- 242 **Vinnuhælið Litla-Hrauni.** Framlag hækkar um 125 540 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 118 540 þús. kr. eða sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Viðhald verður 10 500 þús. kr. sem er 5 500 þús. kr. herra framlag en var árið 1979. Áætlað er að verja 7 000 þús. kr. til viðhalds húseigna og 3 500 þús. kr. til viðhalds framleiðsluvéla og bifreiðar. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 11 000 þús. kr. sem er 9 000 þús. kr. hærri fjárveiting en var 1979. Skal verja 8 000 þús. kr. til að girða lóð vinnuhælisins og 3 000 þús. kr. vegna ýmiss búnaðar. Sértekjur hækka um 7 500 þús. kr. og verða 42 000 þús. kr. sem er vegna seldra framleiðsluvara.
- 243 **Vinnuhælið Kviabryggju.** Framlag hækkar um 32 812 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 27 645 þús. kr. sem er nokkru meira en almennar launahækkunir gefa tilefni til en við ákvörðun launaliðar hefur verið tekið mið af rauntölum ársins 1978. Rekstrargjöld hækka

- um 6 117 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Þá hækkar viðhald um 400 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 750 þús. kr. Sértekjur hækka um 2 100 þús. kr. frá fjárlögum 1979.
- 251 Landhelgisgæslan. Fjárveiting hækkar um 706 051 þús. kr. og er það um 27,2% hækkun frá fjárlögum ársins 1979. Launaliður hækkar um 358 559 þús. kr. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr úthaldi varðskipanna. Launaliður er því um 100 000 þús. kr. lægri heldur en almennar launaforsendur gefa tilefni til sé miðað við óbreytta starfsemi Landhelgisgæslunnar. Önnur rekstrargjöld hækka um 225 860 þús. kr. Hækkun þessi nær ekki almennum verðlagshækkunum og er það vegna minna úthalds varðskipanna. Þá hefur ennfremur verið dregið úr áhættutryggingum skipanna og lækka tryggingaiðgjöld vegna þess um 100 000 þús. kr. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 77 322 þús. kr. Framlag til landhelgissjóðs, sem er í B-hluta, hækkar um 44 310 þús. kr. Sértekjur eru óbreyttar frá fjárlögum 1979 eða 4 000 þús. kr.
- 252 Bifreiðaeftirlit ríkisins. Liðurinn hækkar um 109 980 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 187 168 þús. kr. og er það í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður eru 7 440 þús. kr. hærri en var í fjárlögum 1979. Þá hækka sértekjur um 84 628 þús. kr. og er það í samræmi við endurskoðaða tekjuáætlun fyrir stofnunina. Öll starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins er nú til gagngerðrar endurskoðunar. Á haustmánuðum er vænst álitis nefndar sem dómsmálaráðherra skipaði í þessu skyni og ríkir því óvissa um hvert umfang starfseminnar verður á árinu 1980.
- 261 Öryggiseftirlit ríkisins. Stofnunin hefur tekjur af öryggiseftirlitsgjaldi sem standa á undir rekstri stofnunarinnar. Hækkun gjalda og tekna nemur 54 762 þús. kr. Þess er að geta að Ráðninganefnd heimilaði 1978 fjölgun um eitt stöðugildi öryggisskoðunarmanns, en staðan féll niður í fjárlögum 1979. Annars hækka einstakir liðir sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum.
- 281 Dómsmál, ýmis kostnaður. Hækkun á þessum lið er 60 424 þús. kr. Tekið er upp eitt nýtt viðfangsefni, útgáfa lagasafns 4 034 þús. kr. Hækkanir á öðrum liðum eru sem hér segir: Námskostnaður 20 991 þús. kr., meðdómsmenn 15 043 þús. kr., setu- og varadómarar 4 234 þús. kr., matsnefnd eignarnámsbóta 5 474 þús. kr. Aðrir liðir hækka samtals um 10 648 þús. kr.
- 282 Ýmis löggæslukostnaður. Framlag hækkar um 73 347 þús. kr., þar af lögreglu-bifreiðir um 54 000 þús. kr. Aðrar hækkanir 19 347 þús. kr. eru vegna almennra launa- og verðlagshækkana.
- 283 Fangamál, ýmis kostnaður. Liðurinn hækkar um 27 195 þús. kr. Laun hækka um 2 105 þús. kr. eða sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld lækka um 14 910 þús. kr. vegna minni kostnaðar við sjúkrakostnað refsifanga, þ.e. vistun geðsjúkra fanga á hælum á Norðurlöndum. Gjaldfærður stofnkostnaður er 40 000 þús. kr. hærri en var í fjárlögum 1979 og verður 140 000 þús. kr. sem varið verður til byggingar gæsluvarðhaldsfangelsis á Tunguhálsi og einangrunarálmu á Litla-Hrauni. Yfirlýsing til félagssamtakanna Verndar er óbreytt 4 600 þús. kr.
- 301 Þjóðkirkjan. Framlag til þjóðkirkjunnar verður 1 240 345 þús. kr. og er það 387 482 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1979. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 323 782 þús. kr. og er þessi hækkun eingöngu vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Þá hækkar viðhaldsliður um 41 100 þús. kr. og verður 92 700 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 17 050 þús. kr. og verður 55 950 þús. kr. Yfirlýsingur til einstaklinga og samtaka hækka um 3 550 þús. kr.

og verða 30 850 þús. kr. og sértekjur lækka um 2 000 þús. kr. Helstu hækk-
anir á einstökum viðfangsefnum eru sem hér segir: Yfirstjórn þjóðkirkjunnar
hækkar um 15 294 þús. kr. sem er eingöngu eðlilegar launa- og verðlags-
hækkningar. Æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar hækkar um 9 147 þús. kr. Prestar
og prófastar hækkar samtals um 281 960 þús. kr. sem er eingöngu vegna
launahækkana. Viðhald embættisbústaða hækkar um 40 000 þús. kr. og verður
90 000 þús. kr. en fyrirhugað er að efla viðhald á embættisbústöðum presta.
Þá hækkar liðurinn byggingar á prestsetrum um 16 000 þús. kr. og verður
46 000 þús. kr. Önnur viðfangsefni hækka samtals um 25 081 þús. kr.

- 373 Kristnisjóður. Hér er um lögbundið framlag ríkissjóðs að ræða samkvæmt
ákvæðum 20. gr. laga nr. 35/1970. Framlag hækkar um 17 250 þús. kr. og
verður 60 000 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram
kemur í eftirfarandi yfirliti í m.kr.:

	Fjárlög		Hækkun	
	1979	1980	M. kr.	%
Yfirstjórn	67,3	116,4	49,1	72,9
Húsnæðismál	6 440,7	9 333,0	2 892,3	44,9
Önnur félagsmál	1 232,9	2 712,2	1 479,3	120,0
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Gjöld samtals	7 740,9	12 161,6	4 420,7	57,1
Þar af markaðir tekjustofnar	6 408,1	9 464,4	3 056,3	47,7

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka frá fjárlögum 1979 sem hér segir:
Tekjustofnar er renna til Húsnæðismálastofnunar ríkisins hækka samtals um 2 810,7
m.kr., skipulagsgjald hækkar um 62,4 m.kr., erfðafjárjóður hækkar um 183,2 m.kr.
Þá er gjald af seldum vindlingum, er rennur til Slysavarnafélags Íslands, óbreytt
frá fjárlögum 1979. Verður nú nánar vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á
hækkun framlags til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

- 101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Útgjöld skrifstofunnar nema alls 116 365
þús. kr. og er það 49 091 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Laun hækka
um 40 808 þús. kr., þar af 7 137 þús. kr. vegna fjölgunar um einn deildar-
stjóra er sinni málefnum þroskaheftra, sbr. lög nr. 47/1979, svo og vinnu-
málum sbr. IX. kafla laga nr. 13/1979. Staða aðstoðarmanns félagsmálaráð-
herra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra var talin að öllu leyti hjá fé-
lagsmálaráðuneytinu í fjárlögum 1979 en er nú talin að hálfu hjá hvaru ráðu-
neyti um sig. Hækkningar launa, 33 671 þús. kr., eru vegna almennra launahækk-
ana starfsmanna og hækkun þóknana nefnda á vegum ráðuneytisins. Önnur
rekstrargjöld hækka um 7 583 þús. kr. eða sem nemur almennum verðlags-
hækkunum. Viðhald hækkar um 200 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður
hækkar um 500 þús. kr.
- 271 Húsnæðismálastofnun ríkisins. Hækkun framlaga til stofnunar nemur samtals
2 806 800 þús. kr. eða 45,6% frá fjárlögum 1979. Við afgreiðslu laga um heimild
til lántöku, ábyrgðir o. fl. nr. 20/1979 hækkuðu áætlaðar tekjur stofnunar-
innar vegna áætlaðrar hækkunar á mörkuðum tekjustofnum. Hækkun fram-
laga í þessu frumvarpi frá áætlaðri ráðstöfun til stofnunarinnar 1979 er
2 291 400 þús. kr. eða 34,4%. Í samræmi við forsendur frumvarpsins eru eftir-
taldir tekjustofnar stofnunarinnar skertir um 15%.

	Áætlun markaðra stofna þús. kr.	15 % skerðing þús. kr.	Framlag 1980 þús. kr.
Framlag skv. lögum nr. 30/1970	75 000	11 250	63 750
Heilsuspillandi húsnæði	18 000	2 700	15 300
Launaskattur	9 543 000	1 431 450	8 111 550
Byggingarsjóðsgjald	894 000	134 100	759 900
Samtals	10 530 000	1 579 500	8 950 500

Viðfangsefnið Byggingarþjónusta Arkitektafélags Íslands, sem veittar voru 3 000 þús. kr. í fjárlögum 1979, er nú fellt niður. Fjárveitingin er nú færð á sérstakt viðfangsefni undir Iðju og iðnaði hjá iðnaðarráðuneytinu.

- 272 **Byggingarsjóður verkamanna.** Framlag hækkar um 85 500 þús. kr. og verður 382 500 þús. kr. Lækkun á framlagi er í samræmi við forsendur frumvarpsins um lækkun framlaga til fjárfestingarsjóða.
- 301 **Skipulagsstjóri ríkisins.** Hækkun útgjalda nemur 75 855 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagsbreytinga, en eins og áður eru útgjöld embættisins áætluð jöfn lögbundnum framlögum. Samkvæmt lögum nr. 42/1974 er skylt að greiða árlega úr ríkissjóði til framkvæmda skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Auk þess rennur til embættisins skipulagsgjald sem er markaður tekjustofn.
- 302 **Ríkissáttasemjari.** Í fjárlögum 1979 var embætti ríkissáttasemjara fært í fyrsta sinn sem sérstök stofnun. Starfsemi stofnunarinnar hefur nú færst í fastara form en var við gerð síðustu fjárlaga og skal nú gerð grein fyrir fjárveitingum til stofnunarinnar. Alls hækkar fjárveitingin um 84 226 þús. kr. frá fjárlögum og verður 96 333 þús. kr. Laun eru alls 55 833 þús. kr. og er þá miðað við laun þriggja fastráðinna starfsmanna, þ. e. ríkissáttasemjara, aðalfulltrúa og skrifstofustjóra. Launaútgjöld vegna fastra starfsmanna eru alls um 30 065 þús. kr. Aðrar launagreiðslur vegna yfirvinnu, sáttanefndastarfa o.fl. eru áætlaðar alls 25 768 þús. kr. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 15 000 þús. kr. og stofnkostnaður 25 500 þús. kr. Stofnkostnaðarframlaginu mun í aðalatriðum varið til tækja- og húsgagnakaupa fyrir skrifstofu embættisins.
- 371 **Lánasjóður sveitarfélaga.** Framlag hækkar um 109 713 þús. kr. eða 72,1% og nemur alls 261 813 þús. kr. Framlagið hefur þá verið lækkað í samræmi við forsendur frumvarpsins um framlög til fjárfestingarsjóða. Samkvæmt lögum skal árlegt framlag ríkissjóðs eigi vera lægra en 2½% af tekjum Jöfnunar-sjóðs sveitarfélaga sama ár.
- 372 **Landakaup kaupstaða og kauptúna.** Lög nr. 35/1973 kveða á um að lágmarksframlag ríkissjóðs til landakaupa kaupstaða og kauptúna á árunum 1974—83 skuli vera 10 000 þús. kr. árlega. Frá því lög um þetta efni voru samþykkt hefur verðgildi framlagsins rýrnað mjög mikið og er eins og nú stendur tæplega til þess fallið að veita kaupstöðum og kauptúnum umtalsverðan stuðning. Ástæða er því til að taka afstöðu til þess hvort afnema skuli þetta framlag eða auka það í þeim mæli að gagn verði að. Í þessu frumvarpi eru veittar 2 000 þús. kr. til þessa verkefnis.
- 399 **Vatnsveitur.** Framlag til vatnsveitna er alls 85 000 þús. kr. og er það 20 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979.
- 971 **Erfðafjár-sjóður.** Framlag til sjóðsins hækkar um 183 200 þús. kr. og verður alls 327 200 þús. kr., en framlagið er skert um 15% í samræmi við frumvarpsfor-sendur.

- 972 Bjargráðasjóður. Framlag ríkissjóðs hækkar um 74 363 þús. kr. og verður alls 158 062 þús. kr. Þegar tillit hefur verið tekið til 15% lækkunar eins og til annarra fjárfestingarlánasjóða. Framlagið er lögbindið og er annars vegar 50 kr. á hvern íbúa landsins og hins vegar 0,35% af söluvörum landbúnaðarins. Framlag sveitarfélaga til sjóðsins nemur jafnhárru upphæð.
- 976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra. Með lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta var stofnaður Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins. Tekjur sjóðsins eru m. a. árlegt framlag ríkissjóðs, a. m. k. 1 000 000 þús. kr., og skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvisitölu miðað við árið 1979 að grunni. Framlag ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu er 1 080 000 þús. kr. og hefur þá verið tekið tillit til áætlaðrar verðlagshækkunar á árinu 1980 og 15% skerðingar á framlögum í samræmi við almenna stefnu frumvarpsins. Hlutverk sjóðsins er að fjármagna ýmsar framkvæmdir til styrktar á aðstöðu og búnaði stofnana er sinna mállefnum öryrkja og þroskaheftra. Frumvarp þetta miðast því við það að nokkur framlög falli niður sem hafa verið færð undir félagsmálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti, þ. e. til Styrktarsjóðs fatlaðra 08—974, til Styrktarsjóðs vangefinna 08—975, til byggingar skóla fyrir þroskahömluð börn 02—793, byggingarstyrkur til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra 07—999 og stofnkostnaður á liðnum Stofnanir afbrigðilegra barna 02—797.
- 981 Vinnumál. Þessi liður hækkar um 32 324 þús. kr. og skýrist hækkunin þannig: Framlag til félagsdóms hækkar um 2 324 þús. kr. og ríkisábyrgð á laun vegna gjaldþrota hækkar um 30 000 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum.
- 999 Ýmis framlög. Framlög á þessum lið hækka um 37 205 þús. kr. og eru nokkrir liðir þar til skýringar: Meðlög skv. 21., 22., og 23. gr. framfærslulaga hækka um 7 500 þús. kr. og meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947 hækka um 79 000 kr. Eftirtalin atriði eru til lækkunar: Framlög til Slysavarnafélags Íslands vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa 24 615 þús. kr. færast yfir á ýmis framlög samgönguráðuneytis. Framlag til Neytendasamtakanna 1 500 þús. kr. færast á aðalskrifstofu viðskiptaráðuneytis. Framlag til umbúðasmíði vegna fatlaðra 80 þús. kr. fellur niður, einnig framlag til Styrktarfélags vangefinna vegna norræns móts á Íslandi 1979 600 þús. kr. og framlag vegna tjóns af náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu 12 000 þús. kr. Að síðustu fellur byggingarstyrkur Landssambands fatlaðra niður á þessum lið 10 500 þús. kr., enda fellur verkefnið undir verksvið Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra eins og áður sagði. Aðrir liðir eru óbreyttir.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og eftirfarandi yfirlit sýnir:

	Fjárlög		Hækkun	
	1979	1980	M. kr.	%
Yfirstjórn	118,4	197,2	78,8	66,5
Tryggingamál	51 007,3	86 797,6	35 790,3	70,2
Heilbrigðismál	15 815,7	23 545,6	7 729,9	48,9
Annað	155,8	230,4	74,6	47,9
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Gjöld alls	67 097,2	110 770,8	43 673,6	65,1
Þar af markaðir tekjustofnar	6 174,2	8 028,4	1 854,2	30,6

Markaðir tekjustofnar sem teljast til þessa ráðuneytis eru atvinnurekendaiðgjöld til lífeyristrygginga er hækka um 2 121,0 m.kr., slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda lækka um 653,6 m.kr., iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um

383,3 m.kr. og hluti gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR hækkar um 2 500 m.kr. Hluti Krabbameinsfélagsins í vindlingagjaldi verður óbreyttur. Sérlyfjagjald er einnig óbreytt svo og gjald af eyðublöðum heillaskeyta. Aftur á móti verða tekjur af samúðarskeytum Landssímans, er renna til Minningarsjóðs Landspítalans, 18,0 m.kr. og hækka um 1,0 m.kr. Helstu fjárlagaliðir skulu nú ræddir nánar til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokkanna:

- 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Útgjöld vegna skrifstofunnar eru alls 197 172 þús.kr. og er það hækkun um 78 763 þús. kr. eða 66,5% frá fjárlögum. Launaútgjöld aukast um 48 506 þús. kr., að hluta vegna launa lausráðins skrifstofumanns 3 389 þús. kr. og að hluta vegna hækkunar á ýmsum launum í samræmi við reikningsniðurstöður auk eðlilegra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 19 757 þús. kr. vegna verðlagsbreytinga, viðhald hækkar um 250 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 11 000 þús. kr. og verður alls 12 000 þús. kr. Ráðgert er að flytja þann hluta skrifstofu ráðuneytisins sem er á Skólavörðustíg 46 að Laugavegi 116. Kostnaður við innréttingar og nauðsynlegar breytingar áætlast 10 000 þús. kr. Til endurnýjunar véla- og húsbúnaðar í aðalskrifstofu ráðuneytisins í Arnarhvoli eru áætlaðar 2 000 þús. kr.
- 271 Tryggingastofnun ríkisins. Framlög á þessum lið renna til slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður allra tryggingaþátta dregnar saman og hækkunin frá fjárlögum 1979 sýnd:

Almannatryggingar 1979 og 1980
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun
Slysatryggingar	1 584	931	÷ 653
Lífeyristryggingar	24 924	40 178	15 254
(þar af atvinnurekendur)	(3 504)	(5 625)	(2 121)
Sjúkratryggingar	21 395	41 435	20 040
Samtals	47 903	82 544	34 641
Hlutur ríkissjóðs	42 815	75 988	33 173
Hlutur atvinnurekenda	5 088	6 556	1 468

Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt yfirlitinu um 34 641 m.kr. eða 72,3% og koma af þeirri fjárhæð 1 468 m.kr. í hlut atvinnurekenda og 33 173 m.kr. í hlut ríkissjóðs. Verðlagshækkun þessa liðar spannar frá áramótum 1978/79 til miðs árs 1980. Útgjöld slysatrygginga eru borin af atvinnurekendum með greiðslu iðgjalda, sbr. 36. gr. almannatryggingalaga, sem eru miðuð við áætlun um bótagreiðslur, varasjóðstillag og rekstrarkostnað slysatrygginga ár hvert. Iðgjald af launþegum er ákveðið með reglugerð fyrir eitt ár í senn og er reiknað sem hundraðshluti af greiddum launum ársins áður en bótagreiðslur verða til. Þegar iðgjaldið er ákvarðað, en 1979 var það 0,352% af launum ársins 1978, skal taka tillit til tekjuafgangs eða halla næsta reikningsárs á undan. Meginástæða þess að áætluð iðgjöld slysatrygginga 1980 lækka um 653 m.kr. er að búist er við færri bótagreiðslum svo og að ráðgert er að varasjóður slysatrygginganna standi undir hluta væntanlegra bótagreiðslna. Heildarhækkun kostnaðar við lífeyristryggingar er 15 254 m.kr. eða 61,2% frá fjárlögum 1979. Þar af koma 13 133 m.kr. í hlut ríkissjóðs og 2 121 m.kr. í hlut atvinnurekenda. Kostnaður við lífeyristryggingar samkvæmt fjárlögum 1979 og frumvarpi 1980 er sýndur í eftirfarandi yfirliti:

Lífeyristryggingar 1979 og 1980
(í millj. kr.)

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun
Elli- og örorkulífeyrir	12 670	21 095	8 425
Tekjutrygging	5 975	9 820	3 845
Uppbót á lífeyri	1 140	1 625	485
Heimilisuppbót	652	1 195	543
Örorkustyrkur	1 026	1 710	684
Barnalífeyrir	968	1 380	412
Mæðralaun	777	1 080	303
Ekkju- og makabætur	880	1 390	510
Bætur alls	24 088	39 295	15 207
Kostnaður	346	485	139
Til varasjóðs	490	398	÷ 92
Gjöld alls	24 924	40 178	15 254
Hlutur ríkissjóðs	21 420	34 553	13 133
Hlutur atvinnurekenda	3 504	5 625	2 121

Ástæður útgjaldabreytinga vegna lífeyristrygginga, auk fjölgunar bótaþega í hverjum bótaflokki, eru í höfuðdráttum tvær. Í fyrsta lagi hafa orðið bótahækkunir frá samþykkt síðustu fjárlaga en bótahækkunir fylgja hækkun launataxta ASÍ. Bótahækkunir sem fram eru gengnar á árinu 1979 eru 6,9% 1. mars, 11,4% 1. júní, 3% 1. júlí og 9,17% 1. sept. og áætlað er að bætur hækki um 9,5% 1. des. Á árinu 1980 eru hækkunir miðaðar við forsendur frumvarpsins um þróun launamála. Á hitt ber jafnframt að líta að einstakir bótaflokkar hækka mismikið. Þessu veldur að útgjaldaáætlunin fyrir 1980 er byggð á öðrum forsendum en tíðkast hefur til þessa, þ. e. a. s. mið er m. a. tekið af raunverulegum útgjöldum í einstökum bótaflokkum á fyrstu 7 mánuðum ársins 1979. Athygli er vakin á að tillag til varasjóðs lífeyristrygginganna lækkar um 92 m.kr. frá fjárlögum en samkvæmt 21. gr. almannatryggingalaga má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs allt að 2% af áætluðum útgjöldum. Ástæða þess að einungis er gert ráð fyrir að varasjóðstillagið verði 1% af áætluðum útgjöldum er að frumvarp þetta byggir á þeirri forsendu að lög og reglur um greiðslur barnsmeðlaga verði endurskoðaðar fyrir afgreiðslu fjárlaga. Sá háttur er nú á að Tryggingastofnun ríkisins leggur út fyrir barnsmeðlögum en fær þau síðan endurgreidd af Innheimtustofnun sveitarfélaga eftir því hver innheimta er hverju sinni. Í árslok 1978 námu skuldir sveitarfélaga vegna þessa um 1 860 m.kr. og lætur nærri að allir varasjóðir lífeyristrygginganna hafi verið bundnir í þessu verkefni. Í þessu frumvarpi er sú stefna mörkuð að á árinu 1980 leysi Tryggingastofnun ríkisins út fyrir meðlögum eins og verið hefur og að Innheimtustofnun sveitarfélaga skili mánaðarlega innheimtufé til stofnunarinnar. Jafnframt verði ákvæðum breytt þannig að í lok hvers þriggja mánaða tímabils geri Jöfnunarsjóður sveitarfélaga upp óinnheimt meðlög tímabilsins. Um skuld sveitarfélaga eins og hún verður í lok 1979 verði samið sérstaklega. Tilhögun sem þessi dregur mjög úr þörfinni fyrir að Tryggingastofnunin haldi umtalsverða varasjóði. Verði ekki fallist á breytingu sem þessa er óhjákvæmilegt að vaxtareikna útistandandi skuldir sveitarfélaga við stofnunina. Loks er þess að geta varðandi lífeyristryggingar að framlag atvinnurekenda er nú reiknað

sem hundraðshluti af greiddum launum hliðstætt og gildir um iðgjald atvinnurekenda til slysatrygginga. Á árinu 1979 nam hlutfall þetta 2,0% en það er ákveðið með reglugerð fyrir eitt ár í senn.

Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1980 nema alls 41 435 m.kr. Hækkun einstakra liða frá fjárlögum er eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

Sjúkratryggingar 1979 og 1980
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun
Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum ..	16 925	29 923	12 998
Læknishjálpar	1 355	3 540	2 185
Lyf	2 470	5 945	3 475
Dagpeningar	1 062	1 492	430
Tannlækningar	790	1 660	870
Ýmis sjúkrakostnaðir	1 340	3 480	2 140
Skrifstofukostnaðir	380	550	170
Til varasjóðs	120	230	110
	24 442	46 820	22 378
Útgjaldahluti ríkissjóðs	21 395	41 435	20 040

Af heildarútgjöldum vegna sjúkratrygginga nemur framlag ríkissjóðs um 88,5% og hlutur sveitarfélaga um 11,5%. Hækkun framlags ríkissjóðs frá fjárlögum er 20 040 m.kr. eða um 93,7%. Um hækkunir einstakra liða sjúkratrygginga er þetta að segja: Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum hækka um 12 998 m.kr. eða 76,8% frá síðustu fjárlögum. Hækkunin skýrist þannig í megindráttum: Taxtar rekstrardaggjalda hækkuðu um 11,7% 1. mars s. l. og síðan aftur 1. ágúst um 13,4%. Auk þess kom til sérstök leiðrétting vegna dráttar á ákvörðun um ný daggjöld 1. júní sem hefur áhrif á daggjöld á árinu 1980. Áætlað er að rekstrargjöld sjúkrahúsa hækki um 9,5% 1. september og 9,0% 1. des. og að vistgjöld hækki í hátt við laun á árinu 1980. Að síðustu er þess að geta að magnaukning og aðrar rekstrarbreytingar jafngilda 3% hækkun á vistgjaldaliðum. Allsendis er óljóst hver rekstrarafkoma sjúkrahúsanna verður á árinu 1979. Áætlað er fyrir 800 m.kr. í halladaggjöld en sú fjárhæð jafngildir því að rekstrarhalli sjúkrahúsanna 1979 verði 3–5% af heildarveltu. Þess ber að geta að úr daggjöldum fyrir árið 1980 hafa verið felldar 1 200 m.kr. vegna laga nr. 57/1978, en þar er gert ráð fyrir að viðhald sjúkrahúsa greiðist að jöfnu af ríki og sveitarfélögum og að til þess komi bein fjárveiting á fjárlögum. Sú fjárveiting verður 600 m.kr. og er færð á lið 08–391. Verði þátttaka ríkissjóðs í viðhaldi greidd sem hluti af vistgjöldum með 85% þátttöku ber nauðsyn til að breyta lögum þar að lútandi og afla tekna til þessa verkefnis. Útgjöld vegna læknishjálpar aukast um 2 185 m.kr., vegna lyfja um 3 475 m.kr. og vegna tannlækninga um 870 m.kr. Hækkun þessara liða er á bilinu 110–160% sem er verulega umfram verðlagshækkunir. Skýringin er margþætt. Í fyrsta lagi má nefna að gjaldskrárbreyting vegna þátttöku sjúklunga í lyfjakostnaði og læknishjálpar tók ekki gildi fyrr en í apríl en fjárlög 1979 miðuðust við að hún kæmi til framkvæmda við áramót. Útgjaldatölur einstakra mánaða 1979 benda jafnframt til þess að útgjöld sjúkrasamlaga vegna lyfja- og læknishjálpar hafi ekki dregist saman eins og búist var við í kjölfar hækkunar á þátttöku sjúklunga í kostnaði. Í öðru lagi voru útgjaldatölur fjárlaga 1979 á verðlagi um áramót 1978/1979 en frumvarpstölur 1980

eru á verðlagi 1980 og er það verðlag miðað við forsendur um hækkun inn-
lends og erlends verðlags. Í þriðja lagi má nefna að áætlunartölur ársins
1980 eru fundnar með hliðsjón af raunverulegum greiðslum á fyrstu sjö
mánuðum ársins 1979 og er ótvírátt um verulega magnaukningu að ræða milli
ára, sérstaklega hvað snertir lyf. Að lokum er þess að geta að áætlunin er við
það miðuð að þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði og kostnaði vegna sérfræði-
þjónustu aukist hlutfallslega eins og útgjöld sjúkrasamlaga vegna þessa.
Um aðra liði áætlunarinnar er ekki að fjölyrða en þeir liðir hækka yfirleitt
í samræmi við hækkun verðlags, líklega magnaukningu og reynslu síðustu
mánaða.

- 273 **Atvinnuleysistryggingasjóður.** Heildarframlag til sjóðsins hækkar um 1 149 900 þús. kr. eða 37,0%, þar af nemur atvinnuleysistryggingagjald atvinnurekenda 383 300 þús. kr. sem færast jafnframt á tekjublið frumvarpsins. Mótframlag ríkissjóðs, sem er tvöfalt framlag atvinnurekenda, hækkar því um 766 600 þús. kr.
- 310 **Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar.** Í fjárlögum 1978 og 1979 hefur verið nokkur fjárhæð á þessum lið sem fjárveitinganefnd hefur síðan ráðstafað. Í fjárlögum 1979 nam þessi fjárhæð 210 000 þús. kr. Nú eru áætlaðar 336 175 þús. kr. á þessum lið og er það hækkun um 126 175 þús. kr. eða 60,0%. Hækkun umfram það sem telja má eðlilega launahækkun er m. a. vegna óvissu um meðferð á starfsmannafjölda á ríkisspítölum, sem nánar er vikið að síðar, og vegna óvissu um nauðsynlega fjölgun starfsfólks á nýjum heilsugæslustöðvum.
- 319 **Matvælarannsóknir ríkisins.** Framlag hækkar um 32 812 þús. kr. eða 64,9% og nemur alls 83 348 þús. kr. Laun hækka um 19 527 þús. kr., þar af um 9 865 þús. kr. vegna tveggja stöðugilda sem verður ráðstafað í samráði við fjárveitinganefnd. Að öðru leyti er um eðlilegar launahækkunir að ræða. Rekstrar-
gjöld hækka um 8 435 þús. kr., viðhald um 300 þús. kr. og stofnkostnaður um 5 000 þús. kr. Nemur hann alls 16 000 þús. kr. og er ráðstafað til tækjakaupa. Að lokum hækka sértekjur stofnunarinnar um 450 þús. kr.
- 302, 311, 312, 371—377. **Ríkisspítalar.** Í fjárlögum 1979 var stefnt að sérstökum aðgerðum til lækkunar útgjalda við ríkisspítalakerfið. Sérstök athugun var gerð á starfsmannahaldi spítalanna og tengdra stofnana, auk þess sem mat var lagt á þátt afleysinga, yfirvinnu og álagsgreiðslna í heildarlaunakostnaði hlutaðeigandi stofnana. Í samræmi við markaða stefnu í fjárlögum 1979 hefur stjórn ríkisspítalanna beitt sér fyrir ýmsum sparnaðaraðgerðum, svo sem lækkun yfirvinnu lækna o. fl. Athuganir á miðju ári 1979 benda engu að síður til þess að ekki hafi tekist að halda starfsemi stofnana innan þeirra marka, sem sett voru með fjárlögum. Sýnist því full þörf á að tilhögun á ráðningu starfsfólks til ríkisspítalanna verði tekin til endurskoðunar. Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga 1979 var sérstakt yfirlit um stöðuheimildir á einstökum stofnunum ríkisspítalanna. Heimilaðar stöður hafa breyst nokkuð frá þeim tíma, m. a. vegna ákvörðunar fjárveitinganefndar varðandi árið 1979 og vegna nýrra staða sem ráðgert er að bæta við á árinu 1980. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur fjöldi heimilaðra staða samkvæmt frumvarpi 1979, fjárlögum 1979 og frumvarpi 1980.

	Frumvarp 1979	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980
Skrifstofa ríkisspítalanna	38,5	38,5	38,5
Rannsóknastofa háskólans	54,7	54,7	54,7
Blóðbankinn	18,7	18,7	18,7
Landspítalinn	735,5	765,0	815,5
Kvennadeild Landspítalans	110,5	110,5	110,5
Kleppsspítali	295,7	295,7	295,7
Vífilsstaðaspítali	108,0	115,9	115,9
Kristneshæli	40,9	40,9	40,9
Kópavogshæli	144,2	170,2	170,2
Vistheimilið Gunnarsholti	10,0	10,0	10,0
Samtals	1 556,7	1 620,1	1 670,6

Stöðufjölgun varð á Landspítala, Vífilsstaðaspítala og Kópavogshæli. Fjárveitinganefnd heimilaði 29,5 stöður á Landspítala í tengslum við afgreiðslu fjárlaga, þ. e. 16,5 stöður vegna Hátúnsdeildar og 13,0 stöður vegna geðdeildar. Þá heimilaði nefndin einnig 9 stöður á Kópavogshæli. Auk þess hefur fjármálaráðherra fallist á að 17 nemastöður á Kópavogshæli verði gerðar að föstum stöðum en sú formbreyting hefði engan viðbótarkostnað í för með sér. Þá er að geta þess að fjölgun um 7,9 stöður á Vífilsstaðaspítala er leiðrétting sem hefur verið fallist á. Frumvarp 1980 miðast við að stöðum á Landspítala fjölgi um 50,5, þar af eru 4,5 stöður vegna geisladeildar, 6,0 stöður vegna Hátúnsdeildar og 40,0 stöður vegna geðdeildar. Í tillögum heilbrigðisráðuneytisins um fjárveitingu vegna starfsemi geðdeildar er beðið um 82 stöður til þess að koma af stað starfrækslu á tveim sjúkradeildum og tveim göngu- deildum geðdeildarinnar. Fjárveiting til 40,0 staða miðast við að sömu starfsemi verði komið á fót en mannaflí, sem þarf til viðbótar, verði fenginn með skipulagsbreytingu á starfsemi Kleppsspítala og þeim stofnunum og deildum sem þeim spítala tilheyra. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur launakostnaður við ríkisspítalana og samanburður gerður við fjárlög 1979.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun	
			M. kr.	%
Skrifstofa ríkisspítalanna	187,3	252,9	65,6	35,0
Rannsóknastofa háskólans	336,2	470,1	133,9	39,8
Blóðbankinn	100,7	140,0	39,3	38,9
Landspítalinn	4 014,3 ¹⁾	6 304,7 ²⁾	2 290,4	57,1
Kvennadeild Landspítalans	660,0	926,5	266,5	40,3
Kleppsspítali	1 498,2	2 194,3	696,1	46,4
Vífilsstaðaspítali	491,7	759,8	268,1	54,5
Kristneshæli	220,7	335,0	114,3	51,7
Kópavogshæli	624,5 ¹⁾	990,5	366,0	58,6
Vistheimilið Gunnarsholti	65,7	88,8	23,1	35,0
Samtals	8 199,3	12 462,6	4 263,3	52,0

1) Launatölur eru hækkaðar frá prentuðum fjárlögum í samræmi við ákvörðun fjárveitinganefndar, þ. e. Landspítali 108,6 m.kr. og Kópavogshæli 31,1 m.kr.

2) Þar af 45,0 m.kr. vegna geisladeildar, 42,2 m.kr. vegna Hátúnsdeildar og 285,3 m.kr. vegna geðdeildar.

Launaliður hækkar því alls um 4 263,3 m.kr. eða 52%. Ef sú starfsemi sem kostar 372,5 m.kr. er frátalin hækkar launaliðurinn um 3 890,8 m.kr. eða 47,5%. Launaliðurinn hækkar samkvæmt þessu, miðað við sama starfsmagn og í fjárlögum 1979, nokkru meira en taxtabreyting gefur tilefni til, þ. e. 47,5% í stað 44,6%. Þessi hækkun skýrist í aðalatriðum af áætlun um yfirvinnu- og álagsgreiðslur, þó svo að taka verði tillit til þess að hækkun launa er allbreytileg eftir stofnunum. Í fjárlögum 1979 var við það miðað að launa-útgjöld spítalanna vegna afleysinga, veikinda o. fl. væru um 17% af föstum launum. Þetta hlutfall er óbreytt 1980. Áætluð útgjöld vegna yfirvinnu og álagsgreiðslna eru reiknuð á hliðstæðann hátt og er hlutfall yfirvinnu 16% og álagsgreiðslna 14% í frumvarpi 1980. Í fjárlögum 1979 nam hlutfall yfirvinnu 13—14% af föstum launum og álagsgreiðslna 11—12%. Í frumvarpinu er því komið nokkuð til móts við þá skoðun heilbrigðisráðuneytisins að fjárveitingar vegna yfirvinnu og álagsgreiðslna 1979 hafi verið óraunhæfar. Á hitt ber jafnframt að líta að bráðabirgðareikningstölur fyrir fyrri árshelming 1979 benda til þess að yfirvinna umfram annað verði hærra hlutfall af föstum launum en 16%.

Rekstrargjöld ríkisspítalanna aukast alls um 2 220,8 m.kr. eða 69,0% og verða alls 5 437,4 m.kr. Þar af er rekstrargjaldaaukning vegna nýrrar starfsemi 183,0 m.kr., þ. e. 18,0 m.kr. vegna geisladeildar, 20,0 m.kr. vegna Hátúnsdeildar og 145,0 m.kr. vegna geðdeildar. Rekstrargjöld hækka frá fjárlögum 1979 í umtalsverðum mæli umfram forsendur um hækkun þessa liðar. Skýrist þetta í aðalatriðum af tvennu. Í fyrsta lagi er staðreynd að ýmis sjúkrahúsakostnaður, svo sem lyfjakostnaður, hefur hækkað mjög mikið á síðasta ári. Kemur þetta m. a. fram í reikningum Tryggingastofnunar og í gögnum daggjalda-nefndar. Í öðru lagi er áætlun um rekstrargjöld samræmd við áætlun um sértekjur stofnana en það var ekki gert í fjárlögum 1979. Áætlun um rekstrargjöld svo og sértekjur er byggð á rauntölum fyrstu sjö mánaða þessa árs og að teknu tilliti til þessa verður hækkun rekstrargjalda 55,2% eins og eftirfarandi yfirlit sýnir. Bæði rekstrargjöld og sértekjur eru þá á áætluðu verðlagi ársins 1980.

	Fjárlög	Frumvarp	Hækkun	
	1979	1980	M. kr.	%
Rekstrargjöld	3 216,6	5 437,4	2 220,8	69,0
÷ Sértekjur	685,1	1 508,2	823,1	120,1
Mismunur	2 531,5	3 929,2	1 397,7	55,2 ¹⁾

1) Þ. e. 48,0% að frádreginni nýrri starfsemi.

Í eftirfarandi yfirliti eru framlög til viðhalds og stofnkostnaðar sýnd í samandregnu formi og samanburður gerður við fjárlög 1979 (í millj. kr.).

	Fjárlög 1979		Frumvarp 1980	
	Viðhald	Stofnkostnaður	Viðhald	Stofnkostnaður
Skrifstofa ríkisspítalanna ..	4,5	—	7,0	—
Rannsóknastofa háskólans ..	15,6	—	21,0	5,0
Blóðbankinn	15,0	5,0	10,0	5,0
Landspítalinn	300,0	629,2	360,0	793,7
Kvennadeild Landspítala	22,0	35,0	31,5	43,0
Kleppsspítali	46,0	—	100,0	49,0
Vífilsstaðaspítali	27,0	—	30,0	—
Kristneshæli	18,0	2,0	30,0	10,0
Kópavogshæli	17,4	—	60,0	5,0
Vistheimilið Gunnarsholti ..	17,5	—	20,0	—
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	483,0	671,2	669,5	910,7

Framlag til viðhalds hækkar um 186,5 m.kr. eða 38,6% og er óþarft að fjölyrða um þennan lið, en sérstök áhersla er lögð á að fram fari nauðsynlegt viðhald á fasteignum og búnaði á Kleppsspítala og Kópavogshæli.

Framlög vegna stofnkostnaðar á ríkisspítölum hækka um 239,5 m.kr. eða 35,7% og verða samtals 910,7 m.kr. Skiptast þau þannig á einstök sjúkrahús og verkþætti:

Rannsóknastofa háskólans, tækjakaup	5,0
Blóðbankinn, tækjakaup	5,0
Landspítali:	793,7
Geðdeild	70,0
Göngudeild, Hátúni	6,0
Símstöð	26,0
Sjúkramóttaka og tengingar	100,0
Færsla deilda	160,0
Tækjakaup	140,0
Sumargjöf	35,0
Stjórn og eftirlit	40,0
Endurbygging fæðingardeildar	70,0
	<hr/>
	647,0
Ýmis tækjakaup	146,7
Kvennadeild Landspítalans, tækjakaup	43,0
Kleppsspítali, bygging lyftuhúss og uppsetning lyftu	49,0
Kristneshæli, hitaveita	10,0
Kópavogshæli, eldvarnarkerfi	5,0
	<hr/>
Alls	910,7

Þvottahús ríkisspítalanna er gjarnan talið með ríkisspítalakerfinu þó þar sé um B-hluta stofnun að ræða. Frumvarpið miðast við að starfsmannafjöldi stofnunarinnar verði óbreyttur en að sóthreinsunardeild færist frá Landspítalanum í húsakynni þvottahússins. Til þessa verkefnis eru ætlaðar 25 000 þús. kr. í fjárfestingu. Tekjur stofnunarinnar af seldri vöru og þjónustu hafa til þessa staðið undir útgjöldum og er í frumvarpinu miðað við að stofnanir endurgreiði fjármálaráðuneytinu skuld vegna launagreiðslna 1978, sem færð er á viðskiptareikning, alls 192 000 þús. kr.

- 378 **Læknishéraðasjóður.** Framlag til sjóðsins nemur alls 30 000 þús. kr. og hækkar því um 7 500 þús. kr.
- 380 **Námslán læknastúdenta.** Framlag til þessa verkefnis er ákveðið með heimildargrein í lögum og með reglugerð. Frumvarpið miðar við að þetta framlag falli niður að öllu leyti en það var 2 000 þús. kr. í fjárlögum 1979.
- 381 **Til sjúkrahúsa og læknisbústaða.** Heildarhækkun framlaga til þessa liðar nemur 715 745 þús. kr. og verður samtals 3 147 228 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 355 000 þús. kr., styrkur til heilsuverndarstöðva 60 745 þús. kr. og vegna viðhalds sjúkrahúsa 300 000 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 57/1978 fellur viðhald bygginga og tækja úr daggjöldum en til að standa straum af þessu koma að hluta beinar fjárveitingar úr ríkissjóði. Um þetta atriði vísast til frekari skýringa undir lið 08—271. Til að reisa sjúkrahús og læknisbústaði renna alls 2 200 000 þús. kr. og verður áætlun um ráðstöfun fjárins lögð fyrir fjárveitinganefnd.
- 391 **Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar.** Framlag hækkar um 423 338 þús. kr. eða 54,2% og skýrist þannig: Laun hækka um 370 238 þús. kr. frá fjárlagatölum 1979. Fjárveitinganefnd ákvað að ráðstafa á árinu 1979 70 300 þús. kr. af lið 08—310 Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar til fjölgunar á stöðum lækna og hjúkrunarfólks á heilsugæslustöðvum. Hækkun, ef starfsmagn væri óbreytt, er því 39,7% í stað 54,1%. Frumvarp þetta miðast við fjárveitingu til 130 staða, þ. e. 71 læknis, 47 hjúkrunarfræðinga og 12 ljósmæðra, og er þá ekki gert ráð fyrir fjölgun frá veittum heimildum 1979. Rekstrargjöld hækka um 12 100 þús. kr., viðhald um 30 000 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 11 000 þús. kr. Með lögum nr. 57/1978 er ákveðið að viðhald heilsugæslustöðva deilist jafnt á milli ríkis og sveitarfélaga. Til þessa verkefnis er nú varið 30 000 þús. kr.
- 394 **Heyrnar- og talmeinastöð.** Í fjárlögum 1979 var framlag til þessarar stofnunar 20 000 þús. kr. og fært á lið 08—388 Ýmis heilbrigðismál. Nú fær stofnunin sjálfstætt fjárlaganúmer en til hennar var stofnað með lögum nr. 74/1978. Fjárveiting til stofnunarinnar á árinu 1980 nemur alls 82 565 þús. kr. og skiptist þannig: Laun 68 672 þús. kr. og er þá miðað við 11,5 stöður á föstum launum, 10 000 þús. kr. til rekstrargjalda og 10 000 þús. kr. til stofnkostnaðar sem renna mun til tækjakaupa. Þá er hluti sveitarfélaga, sem er 10% af rekstrar-gjöldum, áætlaður 6 107 þús. kr.
- 399 **Ýmis heilbrigðismál.** Þessi liður hækkar alls um 54 457 þús. kr. eða 12,5%, þar af 5 000 þús. kr. vegna útgáfu lyfjaverðskrár og 5 000 þús. kr. vegna athugunar á útbreiðslu atvinnusjúkdóma en hvort tveggja eru ný viðfangsefni. Niður falla starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar 2 500 þús. kr., framlag til lyfjasölu-sjóðs 20 000 þús. kr. og framlag til heyrnar- og talmeinastöðvar 20 000 þús. kr. Þá lækkar framlag til Hjartaverndar um 5 000 þús. kr. og kostnaður vegna laga um farsóttir og sóttvarnir um 17 150 þús. kr. Helstu hækkunarliðir eru: Skólar heilbrigðisstétta 26 149 þús. kr., ljósmæðralaun 23 673 þús. kr., til tóbaks-varna 7 000 þús. kr., Minningarsjóður Landspítalans 8 400 þús. kr., lyfjanefnd 8 276 þús. kr., lyfjaeftirlit 6 017 þús. kr. og aðrir liðir um 29 592 þús. kr.
- 471 **Gæsluvistarsjóður, framlag.** Framlag hækkar um 37 100 eða 65,2% og er öll hækkunin á viðfangsefninu gæsluvistarsjóður. Aðrir liðir eru óbreyttir.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m. kr.:

	Fjárlög	Frumvarp	Hækkun	
	1979	1980	M. kr.	%
Yfirstjórn	457,4	662,0	204,6	44,7
Toll- og skattheimta	2 076,4	3 088,0	1 011,6	48,7
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	3 453,0	4 985,9	1 532,9	44,4
Annað	2 177,7	12 164,9	9 987,2	458,6
Samtals	8 164,5	20 900,8	12 736,3	156,0
Þar af markaðir tekjustofnar	60,0	200,0	140,0	233,3

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til ríkisábyrgðasjóðs.

Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka.

- 104 **Ríkisfjárhirsla.** Samtals nemur hækkun á framlagi 25 074 þús. kr. og verður 71 099 þús. kr. Laun hækka um 21 512 þús. kr. sem er 4 875 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkunir. Tala fastra starfsmanna er óbreytt en hækkun þessi verður á ýmsum öðrum launum og er þá tekið mið af reikningstölum sl. árs. Hækkun á öðrum rekstrargjöldum, viðhaldi og gjaldfærðum stofnkostnaði nemur samtals 3 562 þús. kr. og er það í samræmi við eðlilegar verðlagshækkunir.
- 206 **Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri.** Fjárveiting hækkar um 44 373 þús. kr. og verður 141 112 þús. kr. Laun hækka um 39 129 þús. kr. sem er 1 140 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkunir. Tala fastra starfsmanna er óbreytt eða 14. Hækkun þessi verður á ýmsum öðrum launum og er þá tekið tillit til reikningsniðurstöðu síðustu ára við ákvörðun launaliðar. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 974 þús. kr. og er hækkunin eingöngu vegna almennra verðlagsbreytinga. Þá hækkar viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður samtals um 570 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar eru hækkaðar um 300 þús. kr.
- 207 **Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum.** Framlag hækkar um 21 395 þús. kr. og verður 67 459 þús. kr. Laun hækka um 18 886 þús. kr. og verða 57 823 þús. kr. sem er um 1 170 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkunir. Tala fastra starfsmanna er óbreytt, en hækkun þessi á sér stað á ýmsum öðrum launum og er þá tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings við ákvörðun launaliðar. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 709 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður lækka samtals um 20 þús. kr. Þá eru sértekjur hækkaðar um 180 þús. kr.
- 208 **Skattstofa Suðurlands, Hellu.** Fjárveiting hækkar um 26 332 þús. kr. og verður 79 926 þús. kr. Laun hækka um 23 437 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launahækkana. Þá hækka önnur rekstrargjöld um 2 805 þús. kr. og verða 7 580 þús. kr. Er það nokkuð umfram eðlilegar verðlagshækkunir en við ákvörðun rekstrargjalda hefur verið tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1978. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 330 þús. kr. Þá eru sértekjur hækkaðar um 240 þús. kr.
- 211 **Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði.** Fjárveiting hækkar um 56 196 þús. kr. og verður 176 789 þús. kr., þar af hækkar launaliður um 53 392 þús. kr. eða 3 000 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkunir. Hækkun þessi á rót sína að rekja

til þess að ráðningarnefnd hefur heimilað fjölgun um einn starfsmann frá fjárlögum 1979. Aðrar hækkanir eru samtals 2 804 þús. kr. sem er einvörðungu vegna almennra verðlagshækkana.

- 212 **Skattstofur, sameiginleg útgjöld.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 95 455 þús. kr. og verður framlag því 184 447 þús. kr. Laun eru samtals 13 447 þús. kr. sem er vegna tveggja starfsmanna sem heimilaðir voru á sl. ári til að vinna að framkvæmd hinna nýju skattalaga. Önnur rekstrargjöld verða 171 000 þús. kr. sem er 90 040 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1979. Ljóst er að framkvæmd hinna nýju skattalaga og efling skatteftirlits mun hafa verulegan kostnaðarauka í för með sér. Þar sem erfitt er að meta hvernig viðbótarkostnaður þessi muni snerta hverja skattstofu fyrir sig er þessi væntanlegi kostnaðarauki áætlaður í einu lagi á þessum fjárlagalið.
- 214 **Ríkisskattanevnd og skattsektanevnd.** Framlag hækkar samtals um 28 940 þús. kr. og verður 66 347 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 22 706 þús. kr. sem er 7 668 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Í stað þess að seta í ríkisskattanevnd sé aukastarf sex manna er gert ráð fyrir að nefndin verði skipuð mönnum er hafi nefndarstörfin að aðalstarfi en skipun fastra aðalmanna í nefndina verði felld niður. Laun hækka vegna þessa nýja fyrirkomulags um 21 326 þús. kr. en á móti kemur að felld eru niður laun fastra aðalmanna í ríkisskattanevnd og nemur sú lækkun 17 244 þús. kr. Þá hefur verið heimiluð lausráðning í hálfu stöðu skrifstofumanns og nemur hækkun vegna þess 3 586 þús. kr., að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 2 364 þús. kr. sem er einvörðungu vegna almennra launahækkana. Gjaldfærður stofn- kostnaður hækkar um 3 870 þús. kr. til kaupa á skrifstofuáhöldum.
- 261 **Tollstjórnin í Reykjavík.** Framlag hækkar um 154 120 þús. kr., þar af hækkar launaliður um 144 658 þús. kr. sem er um 8 362 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Hækkun þessi á rót sína að rekja til þess að í fjárlögum 1979 voru laun vanáætluð sem svarar launum $1\frac{1}{2}$ stöðu skrifstofumanns. Aðrir gjaldaliðir hækka samtals um 42 728 þús. kr. vegna almennra verðlagshækkana. Þá eru sértekjur stofnunarinnar hækkaðar um 33 266 þús. kr.
- 263 **Tollgæslan.** Fjárveiting hækkar um 192 141 þús. kr., þar af hækka laun um 193 174 þús. kr. sem er um 14 400 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Í fjárlögum 1979 féllu niður tvö stöðugildi og er nú gert ráð fyrir launum vegna þeirra. Er þá áætlað fyrir 78,67 stöðugildum. Aðrir gjaldaliðir hækka í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 19 216 þús. kr.
- 381 **Uppbætur á lífeyri.** Liður þessi hækkar um 1 113 365 þús. kr. og verður 4 464 404 þús. kr. sem er vegna greiðslu á lífeyri.
- 385 **Eftirlaunasjóður aldraðra.** Á sl. vetri var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um eftirlaun aldraðra. Frumvarpið náði ekki fram að ganga en verður lagt fram að nýju á þessu þingi. Til að mæta útgjöldum sem hlvtust af samþykkt frumvarpsins ákvað ríkisstjórnin að ætla nokkurt fé á fjárlögum í þessu skyni. Er þar um að ræða 408 789 þús. kr. á verðlagi í desember 1979 en upphæðin verði verðbætt eins og önnur laun á fjárlögum.
- 402 **Fasteignamat ríkisins.** Framlag hækkar um 85 225 þús. kr. og verður 222 729 þús. kr. Laun hækka um 67 686 þús. kr., eingöngu vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 50 139 þús. kr., sem er 25 300 þús. kr. um-

fram eðlilegar verðlagshækkunarir, og við þau er tekið mið af reikningstólum 1978. Viðhald hækkar um 500 þús. kr. en stofnkostnaður um 6 900 þús. kr. og verður 8 000 þús. kr. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 40 000 þús. kr.

- 999 Ýmislegt. Fjárveiting á þessum fjárlagalið hækkar samtals um 234 985 þús. kr. og verður 1 323 282 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstök verkefni: Nýtt viðfangsefni er Borgartún 6 182 113 þús. kr. til greiðslu vaxta vegna húseignar ríkissjóðs að Borgartúni 6. Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið hækkar um 15 075 þús. kr. Liðurinn til kaupa á blöðum samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar hækkar um 20 000 þús. kr. Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum hækka um 12 001 þús. kr. Þungaskattsálagning með ökumælum hækkar um 7 772 þús. kr. Þá hækka lífeyrissjóður bænda um 127 500 þús. kr., eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum samkvæmt lögum nr. 63/1971 hækkar um 37 000 þús. kr. Eftirfarandi framlög lækka frá fjárlögum 1979 sem hér segir: Ýmis sameiginlegur kostnaður lækka um 10 000 þús. kr., dómskröfur og málskostnaður lækka um 20 161 þús. kr. Framlag til að bæta framkvæmd skattalaga og efla skatteftirlit er nú á liðnum Skattstofur, sameiginleg útgjöld og er liðurinn því felldur niður á þessum stað. Þá fellur niður viðfangsefnið til samtaka opinberra starfsmanna 3 500 þús. kr. og óviss útgjöld lækka um 50 000 þús. kr. frá fjárlögum 1979.

10. Samgönguráðuneyti

Framlög til hinna einstöku málefnaflokka samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun	
			m.kr.	%
Yfirstjórn	72,3	113,9	41,6	57,5
Vegamál	12 628,0	21 963,0	9 335,0	73,9
Önnur samgöngumál	6 490,8	8 400,2	1 909,4	29,4
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Samtals	19 191,1	30 477,1	11 286,0	58,8
Þar af markaðir tekjustofnar	9 491,0	14 210,0	4 719,0	49,7

Markaðir tekjustofnar samgönguráðuneytisins eru þessir: Gúmmigjald sem er óbreytt frá fjárlögum 1979 107,0 m.kr., innflutningsgjald af bensíni hækkar um 3 217,0 m.kr. og verður 10 700,0 m.kr. og bifreiðaskattur hækkar um 1 500,0 m.kr. og verður 3 350,0 m.kr. Þessi framantöldu gjöld renna öll til vegagerðar ríkisins og eru samtals 14 157,0 m.kr. Vitagjald, sem fer til vitamála, er óbreytt eða 18,0 m.kr., skipaskoðunargjald verður óbreytt eða 11,0 m.kr. Þá verður sérleyfisgjald 24,0 m.kr., sem er hækkun um 2,0 m.kr. frá fjárlögum 1979, en gjaldið rennur til sérleyfissjóðs.

Verður nú nánar vikið að þeim liðum er skýra hækkunarir á framlögum til einstakra málefnaflokka frá fjárlögum 1979.

- 101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting hækkar um 41 588 þús. kr. eða 57,5%. Launahækkun nemur alls 31 188 þús. kr. eða 62,7%. Þar af nema hálf laun aðstoðarmanns ráðherra 3 606 þús. kr. en helmingur launa hans færir á aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins. Að öðru leyti hækka laun um 27 582 þús. kr. sem er nokkru umfram eðlilegar launahækkunarir og er það vegna hækkunar á ýmsum launum skrifstofunnar. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 400 þús. kr. og er það innan marka eðlilegra hækkana.

- 211 **Vegagerð ríkisins.** Framlag hækkar um 9 335 000 þús. kr. eða 73,9% frá fjárlögum 1979 og nemur fjárframlagið alls 21 963 þús. kr. Af þessari heildarfjárhæð renna 6 000 þús. kr. til greiðslu styrkja til gististaða. Framlaginu að öðru leyti, þ.e. 21 957 þús. kr., er ráðstafað í samræmi við vegáætlun 1980. Á s.l. ári samþykkti Alþingi vegáætlun þar sem gert er ráð fyrir að verja 21 957 000 þús. kr. til vegamála. Samkvæmt áætluninni nam fjárvöntun 8 847 000 þús. kr. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir sömu heildarfjárhæð til vegamála og gert er ráð fyrir í vegáætlun. Markaðir tekjustofnar samkvæmt tekjuáætlun fjárlagafrumvarps eru hins vegar áætlaðir 14 157 000 þús. kr. en voru áætlaðir í vegáætlun 13 110 000 þús. kr. Að svo stöddu er því lántaka til vegamála áætluð 7 800 000 þús. kr. en áformað er að endurskoða vegáætlun á komandi vetri. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa nefnd þingmanna til þess að endurskoða tekjuöflun til vegamála og ráðstöfun tekna ríkisins af umferð. Til athugunar kæmi m. a. sérstakt vegagjald til lagningar bundins slitlags.
- 321 **Strandferðir, framlög.** Hækkun framlags til Skipaútgerðar ríkisins nemur 257 037 þús. kr. Launaliður hækkar um 277 800 þús. kr. sem er um 42 000 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Hækkun þessi á rót sína að rekja til þess að veitt hefur verið framlag til að taka á leigu strandferðaskip á næsta ári og með því er ætlað að efla strandferðaþjónustu ríkisins. Aðrir rekstrarliðir hækka samtals um 342 374 þús. kr., þar af vegna leigu skipsins 201 000 þús. kr. Seldar vörur og þjónusta stofnunarinnar hækka um 357 687 þús. kr., þar af er áætlað að tekjur vegna leigu skipsins verði 182 000 þús. kr. Framlag til fjárfestingar er 31 000 þús. kr. en það er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1979. Framlag til flóabáta og vöruflytninga er óbreytt frá fjárlögum ársins 1979.
